Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar (41), frá Hvassahrauni að Krýsuvíkurvegi

Gylfi Helgason
(ritstj.)

Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir

Reykjavík 2020
FS803-20151

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumyndin sýnir minjar í heimatúni Pétursskots (GK-166:027) en norðurhluti þess (minjar sýndar með bláum lit) er horfinn undir Reykjanesbraut 41 en var teiknaður upp af loftmynd.©Loftmyndir ehf.

© 2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Hvassahrauni að Krýsuvíkurvegi. Skráningin var unnin fyrir Vegagerðina. Skráðar voru minjar á jörðunum Lónakoti, Óttarstöðum, Straumi, Þorbjarnarstöðum, Stóra-Lambhaga, og Hvaleyri sem tilheyrðu áður Álftaneshreppi. Veglínan sem tekin var út er um 6 km löng. Hún fylgir að öllu leyti núverandi legu Reykjanesbrautar, frá Brunnhólum í vestri að Hvaleyrarhrauni í austri. Tekið var út 100 m breitt belti beggja vegna við miðja veglínu, samtals 200 m breitt belti.

Vettvangsvinna fór fram sumarið 2020. Alls voru 56 minjaeiningar skráðar á 43 minjastöðum. Flestar minjar fundust rétt suðvestan við álverið í Straumsvík en þar liggur veglínan meðal annars yfir tvö heimatún (Pétursskot í landi Þorbjarnarstaða og Litla-Lambhaga í landi Stóra-Lambhaga). Fjölbreytilegar minjar voru skráðar innan svæðisins, svo sem samgönguminjar (leiðir, vörður), garðlög, bæjarstæði, útihús, túngarðar og kálgarðar. Allar fornleifar innan úttektarsvæðis voru metnar í stórhættu vegna vegaframkvæmda. Lagt var mat á verndargildi minjanna og tillögur settar fram um mögulegar mótvægisaðgerðir. Fyrirséð er að áhrif framkvæmdanna á fornleifar og búsetulandslag verði neikvæð.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, deiliskráning, vegagerð, heimatún, Reykjanesbraut

Summary

This report provides the results of a detailed archaeological walkover-survey carried out for the Icelandic Road and Coastal Administration in advance of a proposed road construction at Reykjanesbraut (41), where it runs from Brunnhólar in the west to Hvaleyrarhraun in the east. The proposed road runs across six farms, all of whom have now been abandoned, but is some distance from the farm's homefields, except for Litli-Lambhagi and Pétursskot.

The fieldwork was undertaken in the summer 2020. Altogether, 56 archaeological units were identified. Much of the archaeology identified was near the aluminium plant at Straumsvík, where the proposed road runs over the homefields of two cottages (Pétursskot and Litli-Lambhagi). A wide array of archaeological site was surveyed such as routes, outhouses, pasture boundaries and vegetable gardens. The archaeology was classified to be at a high risk from the proposed road development. Assessment was made concerning the preservation value of the archaeology and suggestions made on possible future archaeological work. The proposed road development will have a negative impact on the archaeology and its landscape.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, road construction, Reykjanes peninsula

Efnisyfirlit

1 Inngangur 7

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf 9

3 Aðferðir við fornleifaskráningu 11

4 Fornleifaskrá 13

5 Niðurstöður og samantekt 56

5.1 Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisaðgerðir 62

5.2 Áhrif framkvæmda á fornleifar 65

Heimildaskrá 69

Viðauki

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Vegagerðin ráðgerir að tvöfalda Reykjanesbraut (41) frá Hvassahrauni að Krýsuvíkurvegi. Af þeim sökum fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að hún tæki að sér skráningu fornminja á áhrifasvæði fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Veglínan er um 6 km löng. Tekið var út 100 m breitt svæði frá miðlínu leiðarinnar, samtals 200 m breitt belti.

Svæðið sem tekið var út 2020 er að mestu gróið hraunlendi. Skráðar voru minjar á jörðunum Lónakoti, Óttarstöðum, Straumi, Þorbjarnarstöðum, Stóra-Lambhaga, og Hvaleyri sem tilheyrðu áður Álftaneshreppi. Fyrirhuguð vegagerð er langt utan heimatúna þessara jarða en tún Pétursskots í landi Þorbjarnarstaða og hjáleigunnar Litla-Lambhaga í landi Stóra-Lambhaga lenda innan úttektarsvæðisins. Frá vestri nær úttektarsvæðið að Brunnhólum við Hvassahraun. Það fylgir Reykjanesbraut 41 og endar við Hvaleyrarhraun í austri. Austur- og miðhluti svæðisins er mikið raskaður utan vegstæðis Reykjanesbrautar, einkum vegna bygginga Álversins í Straumsvík og uppbyggingu iðnaðarsvæðis í jaðri Hafnarfjarðar (mynd 1).



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis. ©Loftmyndir ehf.

Fornleifar hafa nokkrum sinnum áður verið skráðar innan úttektarsvæðisins. Þjóðminjasafn Íslands skráði fornleifar í landi Hafnarfjarðarkaupstaðar á árunum 1987 til 1990.[1] Fornleifastofnun Íslands skráði fornleifar vegna áætlana um tvöföldun Reykjanesbrautar árið 2001.[2] Enn fremur skráði Byggðasafn Hafnarfjarðar fornleifar í Straumi, Lambhaga og á Þorbjarnarstöðum vegna hugmynda um færslu Reykjanesbrautar árið 2011. Ári síðar skráði byggðasafnið fornleifar í Stóra-Lambhagalandi og á Þorbjarnastöðum vegna framkvæmda við undirgöng og vegagerð við Álverið í Straumsvík.[3]

Vettvangsúttekt var gerð í sumarbyrjun 2020. Gengið var skipulega um svæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu sá Gylfi Helgason, fornleifafræðingur og honum til aðstoðar var Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir, fornleifafræðinemi. Úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Gylfa Helgasonar. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan úttektarsvæðis. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Að beiðni Vegagerðarinnar er að finna tvenns konar nýjungar í skýrslunni. Annars vegar var verndargildi fornleifa innan úttektarsvæðisins metið og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið og hins vegar eru í skýrslunni settar fram tillögur um mótvægisaðgerðir og vöktun. Það mat á verndargildi og tillögur að mótvægisaðgerðum sem birtast í skýrslunni eru álit sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun síðar í ferlinu leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir.

[1] **ÞJMS** 1987–1990.
[2] Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001.
[3] Katrín Gunnarsdóttir 2011; 2012.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-162:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með



Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjastaði í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: GK-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um…" t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits metnir í stórhættu vegna framkvæmda vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á svæðinu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

GK-162 Lónakot

Sögulegar heimildir
1703: Jarðardýrleiki er óviss, konungseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 159.
1847: 10 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110.
1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114.
Í eyði frá því um 1930. Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt á jörðinni Lónakoti.
ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 114.

Landkostir
1917: Tún telst 0,9 teigar, slétt, garðar 500 m2.
1703: „Selstöðu á jörðin í eigin landi, og eru hagar þar góðir, en þegar þurkur gengur, verður þar stórt mein að vatnsskorti. Skógur hefur til forna verið, og er það nú meira rifhrís, það brúkar jörðin til kolgjörðar og eldiviðar, og jafnvel til að fóðra nautpeníng um vetur. Torfrista og stúnga í lakasta máta, valla nýtandi. Lýngrif er nokkurt og brúkast til eldiviðar mestan part og stundum til að bjarga á sauðpeníngi i heyskorti. Fjörugrasatekja nægileg heimilissmönnum. Rekavon litil. Sölvafjara hjálpleg fyrir heimamenn. Hrognkelsafjara gagnleg fyrir heimamenn. Skelfiskfjara naumleg og erfiðisssöm til beitu. Heimræði má ekki kalla að hjer sje, því lendíng er engin nema við voveiflega sjáfarkletta, og þarf ábúandinn á næsta bæ, Ottastöðum, skipsuppsátur ár og dag, og hefur haft það frí í fimmtíi ár fyrir tvö tveggja manna för, hvenær sem ábúandinn á Lónakoti hefur viljað sumar og vetur. Inntökuskip hefur hann engin fyrir utan þessa báta og hafa ei heldur verið. Engjar eru öngvar. Utihagar bregðast mjög skjaldan á vetur.“ JÁM III, 160.

GK-162:014 *Lónakotsselstígur* heimild um leið A 349266 N 395800
„Þegar haldið var suður úr suðurtúngarðshliði, var þar við Lónakotsselsstíginn, sem síðar varð Lónakotsvegur, alldjúp gjóta, sem nú er fyllt með grjóti [...]. En Lónakotsselsstígurinn lá áfram suður á alfaraleiðina, gömlu hestaslóðina á Suðurnes," segir í örnefnaskrá. Lónakotsselstígur lá frá Lónakoti að selinu. Stígurinn hefur legið rétt vestan við þar sem slóði liggur frá Reykjanesbraut að Lónakoti (húsi nokkru sunnar en Lónakotsbærinn var). Stígurinn hefur svo legið áfram til suðvesturs, gengið þvert á alfaraleiði 641:003 og suður til Lónakotssels. Lónakotsselsstígur var um 1,3 km sunnan við Lónakotsbæ 001 og rúmum 10 m sunnan við Reykjanesbraut. Leiðin lá yfir gróið hraun.

Engin merki um leiðina sáust innan þess svæðis sem tekið var út vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar 2020 en því svæði hafði áður verið raskað vegna lagningu Reykjanesbrautar. Á loftmynd frá 2016 sést leiðin þó greinilega rétt sunnan við gamla Keflavíkurveginn.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Lónkot, 2, 3

GK-162:031 varða samgöngubót A 349103 N 395847
Hrunin varða er rétt austan við Brunnhóla, um 1,9 km suðvestan við Lónakotsbæ 001 og tæpum 70 m norðan við Reykjanesbraut. Varðan er á klettahæð. Óvíst er í hvaða tilgangi varðan hún var hlaðin, en mögulega hefur hún varðað Lónskotsselstíg 014. Umhverfis klettahæðina er mosavaxið hraun. Til austurs liggur malarslóði (norður-suður).

Varða 031, horft til suðurs

Varðan er fremur lítil, er hlaðin úr 3-5 steinum og aðeins sést neðsta umfarið. Varðan er 0,2-0,3 m á hæð og um 1 m á kant. Talsverð grjótdreif er umhverfis vörðunnar og gæti eitthvað af því verið hrun úr henni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

GK-163 Óttarstaðir

Sögulegar heimildir
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 160.
1847: 20 5/6 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110. Í neðanmálsgrein segir: „Þóað hvorki prestir né sýslumaður nefni hjáleiguna, er hún samt talin með, meðfram vegna ábúenda tölu sýslumanns, á öllum Óttarstöpum, enda var hún í byggð 1803."
Hjáleiga 1703: Ónefnd.
Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt á jörðunum Óttarsstöðum og Óttarsstaðakoti. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 114.

Landkostir
1917: Tún 4,7 teigar, garðar 2460 m2. Túnið hólótt og grýtt en þó mikið slétt og sléttað.
1703: „Skóg til kolgjörðar og eldiviðar sækir ábúandi í almenníng betalíngslaust, hver sá eyddur er, sem skamt sýnist að bíða. Er þar ekkert á eður í jörðunni til eldíngar fyrir utan fjöruþáng, sem þar er enn nú nægilegt, og verður þá ábúandinn kol út að kaupa. Lýngrif kann þar nokkuð að brúkast, tíðkast ei nema til eldkveikju. Rekavon af trjám er hjer mjög litil, þó festifjara. Fisk brotinn af sér rekur á stundum, so heldur er gagn að. Sölvafjara nægir heimilissfólki, en er örðug að ná. Hrognkelsatekja í lónum þá út fjarar er hjer oft að góðu liði. Fjörugrös eru þar nægileg fyrir heimamenn. Bjöllur í fjörunni eru þar nógar, en brúkast ekki nema i stærstu viðlögum. Heimræði er þar árið um kríng. Lending í meðallagi. Þar gánga skip ábúanda og nú engin fleiri. Til forna hafa þar irmtökuskip gengið fyrir undirgil't, kynni og enn nú eins að vera, ef fiskgengdin yxi. Hjer gengur eitt kóngsskip, tveggja manna far, undirgiftarlaust; ljær ábúandi skipshöfninni húsrúm í bænum betalíngslaust af umboðsmanns hendi. (Soðningarkaup gefa Þeir sjálfir). Þetta kóngsskip hefur i mörg fyrirfarandi ár stundum hjer verið, stundum ekki, eftir því sem umboðsmanninum litist hefur. Engjar á jörðunni öngvar. Selstöðu á jörðin í almenníngi, eru þar hagar góðir, en vatnslaust í þerrasumrum. Aðra selstöðu á jörðin í Lónakotslandi, so sem á mót þeim skipsuppsátrum, er Lónakotsmenn kafa við Óttarstaði. Peníngur og stórgripir ferst hjer oft i gjám, ef ei er vandlega aðgætt, helst á vetur þá snjóar yfir liggja. Kirkjuvegur er hjer í lengra lagi. Torfstúnga er so gott sem engin til heyja, þaks og húsa." JÁM III, 161.

GK-163:057 *Skógargata* gata leið A 350900 N 396480
„Svonefnd Skógargata lá frá Eyðikotshlíð upp að Óttarsstaðaseli. Þar sem hún lá yfir hæðirnar, var kallað Kotaklifur," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað í sömu skrá segir: „Skammt ofan við Kotaklifið [073] er djúpt, sporöskjulaga jarðfall við götuna. Er það kallað Hlandkoppsgjörð. Þaðan liggur stígurinn um einstigi, og blasir þá við klapparhóll með þúfu á, nefndur Spói. Er þá komið upp að Reykjanesbraut. Frá Stóra-Nónhól vestur að Spóa eru kallaðir Nónhólar."
Skógargata lá vestan við afleggjarann að Straumi (165:001), um 170 m austan við garðlag 091 og rúmum 30 m norðan við Reykjanesbraut. Leiðin liggur gegnum grasigróið svæði vestan Brunntjarna, mosi er nokkur í sverði. Til norðurs eru grónir ásar áberandi.



Yfirlitsmynd af Skógargötu 057. ©Loftmyndir ehf.

Leiðin sést sem mosagróin 0,4-0,6 m breið gata og er á þessu svæði merkjanleg á um 80 m löngum kafla, neðarlega á grónum ás. Syðst liggur leiðin nálega austur-vestur á um 30 m löngum kafla uns hún sveigir til norðurs. Þaðan liggur leiðin á um 50 m til norðurs og hverfur því næst í gróður. Mögulega hefur gatan náð lengra til norðurs en það svæði er utan þess svæðis sem var til úttektar sumarið 2020 og var því ekki skoðað sérstaklega.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 9-10, 13

GK-163:072 heimild um leið A 350072 N 396308
„Norðan undir [Jakobsvörðuhæð 069] er eins og ævagamall stekkur eða rétt [070]. Hæðin er suður af Klofa fyrrnefndum, við götuslóða, sem lá neðan frá Óttarsstöðum [001] upp að fjárborg [071], sem er þarna miklu ofar," segir í örnefnalýsingu. Leiðin hefur líklegast legið í námunda við

Reykjanesbraut, um 500 m vestan við Goltruvörðu 074 og rúmum 10 m norðan við Reykjanesbraut. Á þessum slóðum er mosavaxið hraun.

Engin merki um leið sáust á vettvangi innan marka þess svæðis sem var til úttektar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar 2020. Lítil og gróin dæld er á þessum slóðum, bæði rétt norðan og sunnan við Reykjanesbraut og gæti leiðin hafa legið um hana en ummerki eru of óljós til þess að setja þá tilgátu fram af fullum þunga. Á loftmynd af svæðinu frá 2016 er ummerki um leið greinileg rétt sunnan við skipulagssvæðið og má vera að það séu ummerki um leiðina en það var ekki athugað á vettvangi þar sem þau voru utan þeirra marka sem voru til úttektar 2020. Líklega hefur sá hluti leiðarinnar sem legið hefur innan úttektarsvæðisins horfið vegna fyrri framkvæmda við Reykjanesbraut.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 12

GK-163:074 *Goltravarða* heimild um óþekkt A 350606 N 396356
„Langt vestur af Stóra-Nónhól er hóll, sem heitri Goltrahóll. Á honum var Goltravarða, nú fallin," segir í örnefnaskrá. Helst er talið að Goltrahóll sé fast ofan við Reykjanesbraut þar sem nokkrar hæðir eru í hrauninu. Hæðin er um 320 m suðvestan við Skógargötu 057 og rúmum 160 m suðvestan við garðlag 091. Goltrahóll á klettaás sem er umhverfis mosagróið svæði þar sem víða standa berar klettanibbur. Grónar klettahæðir eru áberandi vestan og austan við Goltruhól.

Engin varða sést á Goltruhóli. Víða er þó grjótdreif og líklega hefur varðan hrunið eftir að hætt var að halda henni við. Ekki er vitað hvaða hlutverki varða á þessum stað hefur gengt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 13

GK-163:091 garðlag A 350723 N 396445


Garðlag 091, horf til SSA

Grjóthlaðið garðlag er nokkuð vestan við Brunntjörn, um 20 m norðan við Reykjanesbraut og tæpum 150 m vestan við Skógargötu 057. Garðlagið liggur í gegnum mosavaxið hraun. Víða sér í grónar skvompur og á mörgum stöðum stendur hraungrýti upp úr gróðrinum.

Garðlagið er um 90 m langt og snýr norðvestur-suðausturs. Því var aðeins fylgt innan marka þess svæðis sem tekið var út vegna breikkunar Reykjanesbrautar 2020 en það nær mun lengra til norðvesturs. Garðurinn er grjóthlaðinn en aðeins sést nú eitt umfar hleðslu og er mögulegt að hann hafi ekki verið meira en undirhleðsla undir girðingu. Hún er úr veglegu hraungrýti og er það 0,2-0,4 m á hæð, Hleðslan er 0,3-0,5 m breið. Ekki er

vitað hvaða hlutverki garðurinn gegndi en staðsetning hans gæti bent til að hann væri undirhleðsla undan gamalli landamerkjagirðingu.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Yfirlitsmynd af garðlagi 091. ©Loftmyndir ehf.

GK-165 Straumur

Sögulegar heimildir
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 163.
1847: 12 1/2 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110.
1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114.
1491, 10.05: Rætt um deilur Hansakaupmanna og Englendinga. Hansakaupmenn ráku m.a. þá ensku úr höfninni í Straumi. DI XVI, 449.; Sjá einnig sama bindi, 553.
1501, 11.10: Jörðin Straumur út í Hraunum er í Besstaðakirkjusókn. DI VII, 586.
Eyðibýli 1703: Lambhúsgerði.
Hafnarfjörður keypti hluta úr landi jarðarinnar árið 1947 og áskildi sér forkaupsrétt á öðrum hlutum hennar árið 1966. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 108, 115.

Landkostir
1919: Tún 1,4 teigar, allt slétt, garðar 560 m2.
1703: „Selstöðu á jörðin þar sem heitir Straumssel, þar eru hagar slæmir, en oft mein að vatnsskorti þá þurkar gánga. Skóg til kolgjörðar og eldiviðartaks brúkar jörðin í almenníngum, líka er stundum hrís gefið nautpeníngi. Torfrista og stúnga í skárra lagi. Lýngrif getur jörðin ogso haft í almenníngum. Rekavon nær engin. Hrognkelsafjara nokkur. Skelfiskfjara hjálpleg til beitu. Heimræði er árið um kring og lendíng góð, og gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Inntökuskip eru hjer engin, en hafa þó áður verið og ábúandinn þegið undirgift af. Engjar eru öngvar.“ JÁM III, 164.

GK-165:010 garðlag túngarður A 351151 N 396609
„Straumstúngarðar voru ekki merkilegir, voru varla nema Norðurgarður og Vesturgarður. Garðar þessir voru lágir og einhlaðnir af hraungrýti," segir í örnefnalýsingu. Í Þjóðminjaskráningu í Hafnarfirði frá árinu 1988 segir enn fremur: „Túngarða má víða sjá umhverfis tún í Straumi. Líkt of fram kemur í örnefnaskrá er ekki greinilegur suðurgarður en þó mögulegt að einhverjar garðleifar hafi verið að austan í fjöruborðinu en þær eru víðast hrundar." Greinilegastur er þó norðurgarðurinn sem er um 90 m norðan við bæ 001 og vesturgarðurinn. Garðurinn er merktur inn á túnakort frá 1919. Garðarnir liggja að mestu yfir gróið en hæðótt hraun.

Yfirlitsmynd af túngarði 010. ©Loftmyndir ehf.

Grjóthlaðinn túngarður er 80 m suðvestan við bæ 001 og 20 m vestan við malarveg. Hann er um 90 m langur og víðast hvar 0,5 m á breidd. Garðurinn skiptist í tvennt og er eystri hlutinn 0,6 m á hæð þar sem hann er hæstur en vestari hlutinn víðast hvar aðeins 0,2 m á hæð. Á túnakort frá 1919 er garðurinn sýndur 30 m langur en á vettvangi var hann rakinn á um 90 m löngum kafla og virðist honum því hafa verið breytt og hann lengdur eftir að túnakortið var gert. Garðurinn er utan þess svæðis sem tekið var út 2020 vegna fyrirætlana um tvöföldun Reykjanesbrautar en helgunarsvæði hans (15 m) er innan svæðis og því var hann tekin með í skráninguna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 3; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 142; Túnakort 1919

GK-165:018 gata leið A 351061 N 396528
„Suðvestan túnsins í Straumi er Gunnarsskarð, sem er raunveruleg hæð. Liggja reiðgötur þar um" segir í örnefnalýsingu. Leiðin sést rétt austan við Brunntjörn, um 190 m suðvestan við Straumsbæ

001 og rúmum 10 m vestan við Straumsrétt 059. Leiðin þræðir í gegnum þýft og mosagróið svæði milli tveggja klettaása.

Leiðin sést sem 2-3 grasi vaxnir paldrar sem eru um 0,3 m djúpir. Göturnar eru um 0,5-2 m breiðar og um 100 m langar á því svæði sem var til úttektar. Norðurhluti þeirra er greinilegri en þær verða óskýrari eftir því sem sunnar dregur. Göturnar hverfa undir gróður rétt suðvestan við Straumsrétt 059.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 4



Yfirlitsmynd af minjum austan Straumstjarnar. ©Loftmyndir ehf.

GK-165:059 *Straumsrétt* tóft rétt A 351089 N 396535
„Sunnan við Fjárhússkarðið er Straumsrétt," segir í örnefnalýsingu. Straumsrétt er rétt austan við Brunntjörn, um 190 m suðvestan við Straumsbæ 001 og rúmum 20 m sunnan við fjárhús 060. Réttin er hlaðin milli tveggja mosagróinna hraundrangra, rétt norðan við Reykjanesbraut.

Réttin er tvískipt, 25 x 10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru grjóthlaðnir og í hleðslunni sjást 2-5 umför. Veggirnir eru hæstir til suðurs og austurs, 0,6 m að hæð en víða annars staðar eru þeir aðeins 0,3 m, einkum í vesturhluta réttarinnar þar sem eru veggir eru hlaðnir ofan á klettadranga og ná samtals um 2 m hæð (ef kletturinn er talinn með). Op er á réttinni til norðvesturs. Botn réttarinnar er nokkuð sléttur en smáþýfður og sums staðar standa klettanibbur upp úr grasinu. Hólf A er vestar. Það er 10 x 6,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Op er á milli hólfa. Hólf B er austar og er 8,5 x 7,5 m að innanmáli (norður-suður). Til

Straumsrétt 059, horft til SSV

norðurs afmarkar um 2 m hár klettadrangi hólfið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Straumur og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 114

GK-165:060 tóft fjárhús A351069 N 396566
„Hér suðvestan túnsins er Fjárhússkarð og Fjárhúsið í Vatnagörðum," segir í örnefnaskrá. Tóft fjárhússins er um 160 m suðvestan við Straumsbæinn 001 en 10 m suðvestan við Straumsrétt 059 og 5 m norðaustan við tjörnina. Tóftin er 110-120 m norðan Reykjanesbrautar. Hleðslurnar eru í Fjárhússkarði, milli hraunklappa. Svæðið er grasi gróið.

Fjárhús 060, horft til norðvesturs.

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og snýr NNA-SSV. Hún er um 15 x 9 m stór. Tóftin er hlaðin í

klettabrún til vesturs og eru hleðslur þar frekar óljósar en hlaðið hefur verið í sprungu í klettabrúninni. Hleðslur eru ekki vel sjáanlegar á norðurhlið og eru hleðslur í austurvegg farnar að hrynja en hann er um 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Á hornum suðurveggjar standa upp járnstangir eða rör. Í miðri tóftinni er hlaðinn garði sem er um 12 m langur (og 1,5 m á breidd en 0.3 m á hæð).

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 4 og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 117

GK-166 Þorbjarnarstaðir

Sögulegar heimildir
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 164.
1847: 12 1/2 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110.
1395 er minnst á eyðijörðina Þorbjarnarstaði í skrá um kvikfé og leigumála á jarðeignum Viðeyjarklausturs og telja útgefendur DI það var þessa jörð. DI III, 598.
1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114.
Hjáleiga 1703: Lambhagi (sjá GK-167).

Landkostir
1919: Tún 1,4 teigar, allt slétt og hólótt, garðar 500 m2.
1703: „Skóg hefur jörðin átt, en nú má það valla kalla nema rifhrís, það hefu r hún so bjarglega mikið, að það er bæði brúkað til kolgjörðar og eldiviðar, og so til að fæða peníng á í heyskorti. Aldrei ljá það búendur til annara, og eru þetta þau skógarpláts, sem almenníngar eru kölluð. Torfrista og stúnga í lakasta máta og ekki bjargleg. Fjörugrasatekja nægileg fyrir heimilissmenn. Berjalestur hefur til forna verið til gagns af einirberjum, nú eru þau mestanpart eyðilögð. Rekavon næsta því engin. Sölvafjara nokkur má vera en brúkast ekki. Hrognkelsafjara nokkur og stundum að gagni. Skelfiskfjara naumlega til beitu. Heimræði er árið um kríng og lendíng góð, en leib til að setja skip mjög ill og erfið; þó gánga skip ábúenda eftir hentugleikum árið um kríng. Item hafa hjer bátar frá Bessastaðamönnum gengið til forna, og verið kallaðir kóngsskip, þó ekki stærri en tveggja manna far, og fleiri en eitt í senn um vertið. Hafa bændur hýst þá, er bátnum róið hafa og ekkert fyrir þegið nema soðníngarkaup af hásetum. En þetta hefur ekki verið i næstu þrjú ár. lnntökuskip hafa hjer aldrei gengið önnur en þessi i næstu fimtíi ár. Engjar eru öngvar.“ JÁM III, 166.

GK-166:007 tóft stekkur A 351348 N 396570
Við deiliskráningu Reykjanesbrautar árið 2001 var grjóthlaðin og mikið hrunin tóft skráð um 320 m norðan við Þorbjarnarstaðarbæ 001 og um 40 m SSA við Pétursrófl 070 1. Þegar staðurinn var aftur heimsóttur í tengslum við fyrirhugaða tvöföldun Reykjanebrautar 2020 var búið að leggja jarðstreng á þeim stað sem tóftin hafði verið og hafði henni alveg verið raskað af þeim sökum. Tóftin var fast norðan við vegkant Reykjanesbrautar. Til norðurs er Straumstjörn.

Yfirlitsmynd af minjastað 007. Útlínur tóftarinnar eru eins og þær sjást á loftmynd af svæðinu frá 1960, ónákvæmt. ©Loftmyndir ehf.

Engin merki tóftar sjást lengur á yfirborði vegna jarðstrengsframkvæmda. Tóftin sést vel á loftmynd af svæði frá 1960 og þar sést að hún var 19 x 5 m að stærð (NNA-SSV), líklega grjóthlaðin. Ekkert op er greinilegt á tóftinni á myndinni. Tóftinni var lýst svo árið 2001: „Tóftin er ferhyrnd en ekki alveg regluleg. Hún liggur skáhallt til norðvesturs-suðausturs, en norðvesturveggur hennar er nokkuð mishár og nær hæst í um 1,2 m. Ekki er hægt að greina inngang á tóftinni og ekki má nú greina nema eitt hólf en hluti tóftarinnar er undir Reykjanesbraut og því erfitt að segja nokkuð um upprunalega lögun. Nokkuð af grjóthruni er inn í tóftinni.“ Í skráningu Þjóðminjasafns árið 1988 er talað um að tóftin hafi verið stekkur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001, 38

GK-166:026 *Pétursskotsstígur* gata leið A 351411 N 396494
„Litlu norðar var Pétursskotsstígur. Hann lá yfir að Pétursskoti, sem var þurrabúð í Þorbjarnarstaðalandi [...]. Norðan traðarveggsins nyrðri var í túninu Dalurinn nyrðri, smádalur,

sem dýpkaði og endaði með hamravegg og hálfgerðum skúta. Kringum dalinn var Flötin nyrðri, lítil lægð í túninu. Hér um lá Lambhúsgatan eða Sjávargatan út gegnum Lambhúshliðið eða Sjávarhliðið," segir í örnefnaskrá. Stígur lá frá bænum á Þorbjarnarstöðum og fram hjá Lambhúsi 004, áfram til Pétursskots 027 og síðan til sjávar. Þessi stígur var því ýmist nefndur Lambhústígur, Pétursskotsstígur eða Sjávarstígur eftir því hvert til stóð að fara. Leiðin sést í námunda við Pétursskot, um 250 m norðan við Þorbjarnarstaðabæ 001 og um 80 m sunnan við Reykjanesbraut. Leiðin þræðir gróna mosaása, rétt norðan við gamla Keflavíkurveginn.

Gatan sést á um 70 m löngum kafla, að sunnan hverfur hún undir gamla Keflavíkurveginn en til norðurs endar hún í austurhluta túnjaðars Pétursskots, rétt norðan við útihús 027 6. Stígurinn sést vel á loftmynd af svæðinu frá 1960 og sést nú sem gróin gata, um 1 m breið og 0,2-0,3 m djúp. Víða stendur þó grjót upp úr grasinu á leiðinni og er hún nokkuð hlykkjótt, einkum á suðurhluta hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4; LMI-A06-A-1099

GK-166:027 1 *Pétursskot* bæjarstæði bústaður A 351336 N 396529
„Litlu norðar var Pétursskotsstígur [026]. Hann lá yfir að Pétursskoti, sem var þurrabúð í Þorbjarnarstaðalandi. Var það fyrst byggt fyrir aldamót af Pétri Péturssyni, Helgu konu hans og Signýju dóttur þeirra. Þarna var ofurlítið tún, og var túngarður umhverfis það," segir í örnefnaskrá. Pétursskot er um 280 m NNV við Þorbjarnastaðabæ 001 og rúmum 40 m SSV við tóft 007. Bærinn er merkur fyrir rétt norðan við miðju túns á túnakort frá 1919. Þrjú hús voru á bæjarstæðinu samkvæmt túnakortinu og snéru stafnar bæjarins til VNV. Kjallari var líklega í húsinu. Lítið er eftir að gamla bænum á yfirborði þar sem mikið rask hefur orðið á svæðinu (á bænum og norðurhluta túnsins) vegna lagningar Reykjanesbrautar. Enn sjást þó rústir þar sem gamli bærinn stóð en enginn eiginlegur bæjarhóll er greinilegur. Pétursskot er rétt sunnan við Reykjanesbraut. Túnið er komið í órækt og er smáþýft. Gróður er nokkur innan túnsins en utan þess er einkum grýtt hraunlendi þar sem gróður er nokkur, mest mosi.

Tóftir Pétursskots 027, horft til norðurs.

Tún Pétursskots er 75 x 75 m að stærð og eru fornleifar innan túnsins skráðar hér saman en hver fornleif fær þó sitt eininganúmer í lýsingu minja. Gamla bænum á Pétursskoti hefur verið umturnað vegna lagningu Reykjanesbrautar. Enginn eiginlegur bæjarhóll er greinilegur en þar sem gamli bærinn stóð er mikið hraungrýti á svæði sem er 8 x 6 m að stærð (VNV-ASA). Á þessu svæði er óljós tóft og í henni má greina tvö hólf. Hólf A er á austurhlið tóftarinnar. Það er

3 x 1,5 m að innanmáli (VNV-ASA) og ekki er hlaðinn veggur á norðausturhlið þess. Hólf B er rétt vestan við hólf A. Það er 5,5 m á hvorn veg. Veggir eru grjóthlaðnir. Í hleðslunni má greina 1-3 umför af stæðilegu hraungrýti í bland við smágrýti, en víða eru hleðslur mjög aflagaðar. Veggir eru 0,3-0,6 m á hæð, og standa hæst til norðvesturs. Ekki er hægt að greina skýrt innra lag hólfsins þar sem veggir hafa hrunið inn í hólfið. Tóftin var betur varðveitt þegar Þjóðminjasafn Íslands skráði Péturskot um 1990. Þar segir í lýsingu á hólfi B: „það] hefur 4 veggi og er inngangur á NA hlið rétt norðan við miðjan vegg, og er breidd hans 0,5 m [...]. Ofan á vegg, rétt við inngangin [...] er á einum stað slétt múrhúð. Því verður að teljast líklegt að hér sé um að ræða undirstöður undir hús með kjallara."

Yfirlitsmynd af Péturskotstúni. Ljósblátt eru fornleifar sem sjást skýrt af loftmynd af svæðinu frá 1960 en eru horfnar í dag, ónákvæmt. ©Loftmyndir ehf.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4; Túnakort 1919; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 111-113

GK-166:027 2 heimild um kálgarð A 351337 N 396536
Á túnakort frá 1919 er merktur kálgarður um 5 m NNA við Péturskot 01 og rúmum 10 m norðvestan við útihús 03. Engin merki sjást nú (2020) um kálgarð á þessum stað. Garðurinn sést ekki heldur á loftmynd frá 1960 og var hann þá líklega þegar horfinn vegna sléttunar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-166:027 3 hleðsla útihús A 351349 N 396529

Á túnakort frá 1919 er merkt útihús um 10 m austan við Péturskotsbæ 01 og rúmum 10 m ASA við kálgarð 02. Þar sem útihúsið var má greina L-laga hleðslu. Hún er um 3,5 m á kant en 0,7 m há. Í hleðslunni eru 7 umför af stæðilegu hraungrýti. Hleðslan er í litlu innskoti í mosagrónum kletti sem er í austurhluta túnsins. Þéttur mosi er á efsta umfari hleðslunnar.

Hleðsla 027 3, horft til VNV.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-166:027 4 heimild um útihús A 351328 N 396544
Á túnakorti frá 1919 er merkt útihús um 20 m norðvestan við Péturskotsbæ 01 og um 15 m NNA við útihús 05. Á þessum slóðum liggur Reykjanesbraut nú og sjást engin merki um útihús lengur vegna brautarinnar. Útihúsið sést á loftmynd af svæðinu frá 1960 og hefur því horfið eftir það. Á myndinni má sjá að þá hefur verið um 5 x 3,5 m stór tóft á þessum slóðum, líklega grjóthlaðin. Hugsanlega var op fyrir miðri suðurhlið tóftarinnar, en það er ekki alveg skýrt á myndinni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-166:027 5 heimild um útihús A 351318 N 396535
Á túnakort frá 1919 er merkt útihús um 20 m VNV við Péturkotsbæ 01 og tæpum 10 m SSV við úthús 04. Á þessum stað liggur Reykjanesbrautin nú (2020) og sjást engin merki um útihús lengur. Húsið sést heldur ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og var því líklega horfið fyrir þann tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-166:027 6 tóft útihús A 351380 N 396520

Torf- og grjóthlaðin tóft sem snýr norður-suður og er 5,5 x 4 m á stærð. Tóftin er um 50 m austan við bæ 01. Tóftin er einföld og er op á norðurhlið hennar. Tóftin er gróin en talsvert hrun er í austur- og vesturvegg. Veggir eru um 2-3 m á breidd og um 1 m á hæð, og standa hæst að vestanverðu. Mikið af grjóti hefur fallið inn í tóftina og er innanmál hennar 4 x 1,5 m. Tóftin er innan túns Pétursskots, líklega útihús. Húsið sést ekki á túnakorti frá 1919 og gæti mögulega verið yngra.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Útihús 027 6, horft til SSV.

GK-166:027 7 garðlag túngarður A 351310 N 396524

Túngarður 027 7, horft til norðurs.

Túngarður var umhverfis heimatúnið í Pétursskoti. Hann var áður skráður við úttekt vegna hugsanlegra framkvæmda við Reykjanesbraut árið 2000. Garðurinn hefur upphaflega verið 80 x 70 m að stærð (austur-vestur). Reykjanesbrautin hefur hins vegar raskað norðurhlið garðsins og sjást aðeins U-laga form garðsins eftir, sem er 65x50 m að stærð. Garðurinn kemur undan Reykjanesbrautinni að austan og liggur í um 25 m til suðausturs og endar í hliði eða opi á garðinum sem er um 1,75 m breitt. Við opið er tóft 027 06 en handan þess heldur garðurinn áfram til suðvesturs yfir nokkuð slétt eða ávalt tún en fylgir klöppunum á hrauninu. Um 60 m suðvestan við tóft 027_03 sveigir garðurinn til norðvesturs niður dálitlar klappir og sveigir svo aftur til norðurs. Þar hverfur hann á 3 m kafla. Garðurinn endar við langar klappir um 10 m suður af Reykjanesbraut. Túngarðurinn er hlaðinn úr hraungrýti en er nokkuð misbreiður. Austurhluti garðsins er einna best hlaðinn frá Reykjanesbraut að hliði á honum. Þar er hann 1,2

m á hæð þar sem hann stendur best og 1-1,3 m á breidd. Vestur af fjárhúsi 027_03 samanstendur garðurinn aðeins af 1-2 grjótröðum og er þar mjög lágur og kann að vera að grjót hafi verið fjarlægt úr honum á þessum kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-166:027 8 heimild um traðir A 351333 N 396542
Traðir lágu að bæ Pétursskots 01 úr norðri samkvæmt túnakorti frá 1919. Engin ummerki um traðir sjást lengur en norðurhluti túnsins er komin undir Reykjanesbraut. Traðirnar sjást ekki skýrt á loftmynd af svæðinu frá 1960 og hafa þá verið horfnar. Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að þær hafi verið *c* 20 m langar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-166:027 9 heimild um kálgarð A 351323 N 396524
Á túnakort frá 1919 er merktur kálgarður um 5 m suðvestan við Péturkot 01 og rúmum 10 m SSA við útihús 05. Gróður er þéttari á þessum stað en annars staðar í túninu en engin merki kálgarðs sjást á yfirborði. Garðurinn sést vel á loftmynd af svæðinu frá 1960. Af henni að dæma hefur hann verið um 20 x 10 m að stærð og snúið NNA-SSV og virðist hægt að sjá um 10-12 bað í honum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-166:028 1 *Pétursspor* brú leið A 351358 N 396589
„Pétursspor var stígur, sem lá heiman frá bæ [166:027-01] niður á Straumshólana og um Straumsrásirnar frá Straumstjörn," segir í örnefnaskrá. Nyrsti hluti leiðarinnar frá Pétursskoti og fram í Straumshólmana var kallaður Pétursspor. Hlaðnar brýr eru á leiðinni í Straumstjörn, um 170 m ASA við Straumsbæ GK-165:001 og rúmum 70 m norðan við Reykjanesbraut. Nyrðri hluti leiðarinnar nefnist Sporið en sá partur er utan þess svæðis sem var til rannsóknar vegna breikkunar Reykjanesbrautar 2020 og því ekki skoðaður sérstaklega.

Pétursspor 028 1, horft til VNV.

Brýrnar liggja yfir fremur grunna tjörn og í grasivaxna hóla. Víða sést þó í bert grjót á hólmunum. Á þessum hluta eru þrjár brýr sem tilheyra Pétursspori. Samtals ná þær yfir svæði sem er 60 x 40 m að stærð og snýr austur-vestur en verður hverri brú gefið sérstakt númer í lýsingu þessari og byrjað á syðstu brúnni 01. Hún er er lítið gróin, um 6 m löng og 2 m að breidd og snýr NNA-SSV. Í hleðslunni má greina 2-3 umför af stóru hraungrýti í bland við smágrýti. Brúin er um 0,4-0,6 m á hæð. Þétt mosaþemba er á þeim hluta brúarinnar sem er næst landi. Brúin var áður skráð vegna breikkunar Reykjanesbrautar frá árinu 2000 en var þá með númerið 166:020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4

Yfirlitsmynd af Pétursspori 028. ©Loftmyndir ehf.

GK-166:028 2 brú leið A 351355 N 396636
Grjóthlaðin brú 02 er um 40 m norðan við brú 01. Brúin er um 6 m löng en 3 m á breidd og snýr NNA-SSV. Hún er gerð úr blöndu af veglegu hraungrýti í bland við smágrýti og grágrýti Hleðslur eru nokkuð aflagaðar en þó má sjá 1-2 umför í þeim. Brúin er um 0,6 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-166:028 3 brú leið A 351366 N 396649
Lítil brú 03 er um 20 m norðaustan við brú 02. Hún er um 3 m löng og 1 m á breidd og snýr nálega ANA-VSV. Hún er grjóthlaðin úr blöndu af smágrýti og stæðilegu grjóti en hún er á kafi í fjörugróðri og því sér ekki í umförin í hleðslunni. Brúin er 0,3-0,6 m á hæð, hæst að norðan.

Miðhluti brúarinnar er nokkuð aflagaður og hruninn. Brúin var áður skráð vegna breikkunar Reykjanesbrautar frá árinu 2000 og var þá skráð undir númerinu 042.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-166:041 1 *Straumsselsstígur* gata leið A 351171 N 396428
„Straumsselsstígur: Svo hét Straums- og Þorbj. st. gatan og aðallega þar sem gata þessi lá til seljanna," segir í skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna eftir Gísla Sigurðsson. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1911. Þar má sjá að leiðin hefur legið frá Suðurnesjavegi GK-168:054 og til norðurs og endað við Lónakot GK-162. Leiðin sést vel í landi Þorbjarnarstaða, suðvestan við Brunntjörn, um 290 m norðaustan við Þorbjarnarstaðabæ 001 og rúmum 70 m sunnan við Reykjanesbraut. Leiðin er vörðuð (02). Gatan þræðir dældir og grónar lægðir á svæðinu og víða eru grónar klettahæðir í hrauninu á þessum slóðum.



Straumsselsstígur 041 1 og varða 041 2. ©Loftmyndir ehf.

Straumsseslstígur sést sem ein mosagróin gata. Leiðinni var fylgt á 80 m löngum kafla innan úttektarsvæðis sem rannsakað var vegna breikkunar Reykjanesbrautar 2020 en leiðin nær þó lengra til suðurs. Til norðurs hverfur hún undir Reykjanesbrautina. Ekki sér til götunnar norðan við brautina innan rannsóknarsvæðis. Þar sem gatan sést innan úttektarsvæðis er hún 0,5 m breið og liggur nálega norður-suður. Hér og þar stendur þó grjót upp úr mosanum á leiðinni.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson, 78

GK-166:041 2 varða samgöngubót A 351146 N 396449
Varða er rétt vestan við Straumsselstíg 01 og hefur vafalaust verið hlaðin sem kennileiti á leiðinni. Varðan er strýtulaga, 0,6 m á hæð og 2,5 m að stærð á hvorn veg. Hún er hlaðin úr hraungrýti og sjást 2-3 umför. Stærra grjót er í neðri hluta vörðunnar en þeim efri. Grjótdreif er í kringum vörðuna sem er hrun úr henni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Varða 041 2, horft til norðurs.

GK-166:054 *Kapellan* tóft bænhús A 352075 N 396887

Kapella 054, horft til austurs.

„Alfaraleiðin [GK-641:003] lá suðvestur eftir Brunanaum. Nær miðju var Kapellan, húsnefna

Kapella 054, horft til austurs.

hlaðin úr grjóti uppi á hól. Var hún 2 x 2 metrar að ummáli, og sneru dyr í vestur. Kapella þessi var helguð heilagri Barböru, sem var verndari ferðamanna og gegn hvers konar háska af eldsvoða," segir í örnefnaskrá. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er stutt frásögn um Kapelluhraun og Kapelluna, og er henni lýst þannig: „Hún er að norðanverðu við veginn, hlaðin upp af hellugrjóti í lögun eins og borg. Dyrnar hafa snúið móti suðri, en nú eru þær fullar og mold og mosa. Kapellan er og hærri að norðan en sunnan. Sagt er, að í Kapellunni sé grafinn einn af umboðsmönnum þeim, sem áður voru á Bessastöðum [sjá 057]." Fornfræðingurinn Brynjólfur Jónsson heimsótti Kapelluna 1903. Lýsing hans er að mestu samhljóða en hann nefnir þó leifar þaks sem ekki sjást lengur: „Þakið er dottið ofan í tóftina. það mun hafa verið hlaðið saman í topp, einnig úr hraunhellum."

Yfirlitsmynd af kapellu 054. ©Loftmyndir ehf.

Kapellan er um 920 m norðaustan við Þorbjarnastaðabæ 001 og rúmum 110 m suðaustan við álverið í Straumsvík. Kapellan sést vel þegar ekið er eftir Reykjanesbraut enda hefur mikið af jarðvegi allt í kringum hana verið fjarlægt og hún stendur því á hálfgerðri jarðvegseyju í auðninni í dag. Kristján Eldjárn gróf upp Kapelluna árið 1950 og birti niðurstöður uppgraftarins í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1955-1956. Kapellan var að hluta til lagfærð eftir uppgröftinn. Kapellan er friðlýstur minjastaður og var gerð uppmæling af tóftinni árið 2016 í tengslum við átaksverkefni um friðlýstar fornminjar á Íslandi, en engin lýsing var þá gerð á tóftinni. Öllu umhverfi kapellunnar hefur nú verið umturnað og rutt út. Hún stendur nú ein eftir óhreyfð á hæð. Gróður er nokkur, mosi að uppistöðu.

Tóftin af kapellunni er einföld, 4,5 x 3,5 m að stærð (nálega norður-suður). Veggir eru mjög stæðilegir og vel hlaðnir. Þeir eru grjóthlaðnir úr blöndu af smágrýti og flötu hraungrýti. Sjá má 6-7 umför í hleðslum sem eru 1,8 m á hæð. Inn í kapellunni er líkneski af heilagri Barböru og inn á milli hleðslna eru eldspýtur sem hægt er að nota til þess að kveikja í kertum sem standa við hlið líknesksins. Gólf kapellunar eru hellulagt og er mosi þar nokkur áberandi. Gengið er inn í kapelluna fyrir miðri vesturhlið hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 10-11; KK: Íslenskir sögustaðir I, 21; Árbók 1903, 34; Árbók Ferðafélagsins 1936, 28; Árbók 1955-1956, 5-15; Minjavefsjá MÍ

GK-166:057 *Dysin* þjóðsaga legstaður A 352065 N 396885
„Sagnir voru um, að einn sveina Kristjáns skrifara, sem drepinn var á Kirkjubóli í Miðnesi, hafi verið dysjaður við Kapelluna. Var því þarna stundum kölluð Dysin eða Kapelludys," segir í örnefnaskrá. Í íslenskum sögustöðum segir: „Sóknarlýsingin segir aftur á móti, að upphlaðin grjóthrúga, sem nefnist „Kapellan" - um það bil úti í miðju hrauni fast við veginn - sýni staðinn, þar sem dysjaðir séu Bessastaðamenn, sem drepnir hafi verið til hefnda fyrir Jón Arason. Íslenzkar þjóðsögur tala þó um þessa grjóthrúgu sem nokkurs konar kapellu, þar sem grafinn hafi verið einn af umboðsmönnunum á Bessastöðum, sem ráðizt hafi verið á og drepinn í hrauninu." Af þessu má ráða að dysin var líklega í grennd við Kapelluna (sjá 054) og hafa jafnvel sumir talið það einn og sama staðinn. Dysin hefur verið um 920 m norðaustan við Þorbjarnastaðabæ 001 og rúmum 110 m suðaustan við álverið í Straumsvík. Engin merki um dys sjást lengur á þessum slóðum og ekki eru frásagnir um að komið hafi verið niður á mannabein við framkvæmdir eða við uppgröft á Kapellunni á sínum tíma. Svæðið einkennist af mosagrónu hrauni. Til norðurs liggur Reykjanesbraut og þar norðan við er álverið í Straumsvík. Til suðurs eru geymsluhúsnæði. Svæðinu hefur verið algjörlega raskað á síðustu áratugum.

Engin merki um dys sáust á vettvangi, líklega vegna margvísleg rasks á svæðinu á 20. öld, einkum vega- og byggingaframkvæmda.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 11; KK: Íslenskir sögustaðir I, 21

GK-166:070 1 *Pétursbróf* tóft naust A 351317 N 396603
„Milli lands þessara jarða [Þorbjarnarstaða, GK-166, og Stóra-Lambhaga, GK-167] og jarðarinnar Straums [GK-165] ræður merkjum bein lína frá sjó úr grjótbyrgi í Hólmanum. Pétursspor [020] var stígur, sem lá heiman frá bæ niður á Straumshólana og um Straumsrásirnar frá Straumstjörn. Stígur þessi lá fram á Pétursbyrgi svokallað. Þar var Byrgisvör eða Pétursbyrgisvör. Í vörina sér enn djúpar skorir eftir bátskilina," segir örnefnaskrá. Pétursbróf er um 380 m NNV við bæ 001 og rúmum 50 m norðan við Reykjanesbraut 41. Pétursbróf er í Straumsvík, rétt sunnan við mosagróinn klettadranga. Pétursbróflí 01 og lendingin 02 eru á svæði sem er 20 x 5 m að stærð og snýr nálega norður-suður.

Pétursbróf er einföld tóft, 7,5 x 3,5 m að stærð og snýr hún norður-suður. Veggir eru grjóthlaðnir



Pétursbróf 070 1, horft til suðausturs.

og nokkuð hlykkjóttir. Í hleðslum sjást mest 2-4 umför af stæðilegu hraungrýti í bland við smágrýti. Veggir eru 0,3-0,6 m á hæð, veglegastir að sunnan. Byrgið er breiðast til austurs en mjókkar aðeins eftir því sem vestar er farið. Byrgið er opið til austurs, að sjó.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 2, 4-5

Yfirlitsmynd af nausti 070. ©Loftmyndir ehf.

GK-166:070 2 náttúrumin lending A 351324 N 396605
Lending 02 er um 2 m austan við Pétursbróf 01. Lendingin er náttúruleg og sést sem um 2 m breið vör í fjörunni og þar sést djúp skor eftir báta. Fjaran markast af mosagrónum klettadranga til norðurs og grasigrónu og litlu nesi til suðurs.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

GK-167 Lambhagi

Sögulegar heimildir
1703: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga frá Þorbjarnarstöðum, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 166.
1847: 4 1/6 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110.
1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114
Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt á jörðunum Litla Lambhaga og Stóra Lambhaga, og var tekið eignarnám í landi Lambhaga vegna hafnargerðar í Straumsvík. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 116

Landkostir
1919: Rún 0,6 teigar, slétt að mestu af náttúrunnar hendi, garðar 550 m2.
1703: „Selstöðu brúkar jörðin ásamt Forbjarnarstöðum þar sem heitir GjáseJ, eru þar hagar góðir en vatn slæmt. Hríssrif hefur jörðin í Forbjarnastaðarlandi þar sem heita almenníngar, er það haft til kolgjörðar og eldiviðar og til að fæða peníng í heyskorti. Torfrista og stúnga er næsta því engin, og þarf ábúandinn til að fá með miklu erfiði. Fjörugrasatekja er til en brúkast ekki. Rekavon næsta því engin. Sölvafjara nokkur. Hrognkelsafjara gagnvænleg þegar vel árar. Skelfiskfjara valla til beitu. Heimræði er árið um kring, og lendíng í besta lagi, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum; undir kóngsskipanafni hefur hjer áður oftastnær gengið bátur, tveggja manna far, og ábúandinti hýst áróðrarmenn og ekkert fyrir Þegið nema soðningarkaup af þeim; næstliðið ár var það ekki. Inntökuskip hafa hjer engin gengið nema skjaldan um hausttíma bátar nágranna fyrir góðvilja eður einhverja þóknan. Túnin fordjarfast árlega af sjáfaryfirgángi meir og meir. Engjar eru öngvar. Útigángur um vetur bágur fyrir fjarlægð haganna, en fjaran er mest til beitar köfð.“ JÁM III, 167–168.

GK-167:004 *Litli-Lambhagi* bæjarstæði býli A 351485 N 396693
„Litli-Lambhagi stóð í Litla-Lambhagatúni. Lá túngarður [035] tvíhlaðinn með allri norðurhlið þess," segir í örnefnaskrá. Í fasteignamati frá 1917 segir: „Litli-Lambhagi: Hjáleiga frá Þorbjarnarst. [...] Ekki virt til dýrleika [...]. Hús á jörðinni fylgir eru: „Baðstofa 9 x 5 ál framdyr, Bæjardyr og eldhús, fjós fyrir 10 kú [...]. Hús ábúenda eru: Heyhús, grjótveggir, járnþak. Geymsluhús, 3 fjárhús fyrir 120 fjár." Fjögur hús eru merkt innantúns á býlinu á túnakort frá 1919. Samkvæmt því var bærinn rétt norðan við mitt heimatúnið. Stafnar bæjarins sneru til suðvesturs. Nokkuð rask hefur verið í og við gamla bæinn. Búið er að leggja veg að álverinu í Straumsvík yfir austurhluta þess. Samkvæmt heimasíðu Hraunavina var einnig reistur sumarbústaður fast norðan við bæjarhólinn fyrir miðja 20. öld (af bræðrunum Marinó og Kristni Guðmundssonum). Á heimasíðunni kemur einnig fram að þegar þeir reistu sumarbústaðinn hafi staðið grjóthlaðið eldhús á gamla bæjarstæðinu, sem hefur verið hluti gamla bæjarins. Lítil ummerki um bæjarhól sjást á Litla-Lambhaga og engin ummerki bæjarhúsa. Þau hafa líklega horfið vegna sumarbústaðarframkvæmda og/eða í vegframkvæmdir við álverið í Straumsvík. Gamli bærinn stóð rétt vestan við veg sem liggur að álverinu í Straumsvík. Hóllinn er umhverfis tún sem komið er í órækt. Túnið er smáhæðótt og mosi nokkur í sverði. Víða standa klettanibbur upp úr grasinu. Fornleifar innan heimatúns Litla-Lambhaga eru skráðar undir nokkrum númerum: Yrðlingabyrgi 017, fiskibyrgi 018, fjárhús 019, kálgarður 022, útihús 030, stífla 031, kálgarður 036, fjárhús 037, túngarður 035, traðir 049 og útihús og kálgarður 051.

Yfirlitsmynd af bæjarhóli Litla-Lambhaga 004. ©Loftmyndir ehf.

Óljós ummerki sjást um bæjarhól milli rauðmálaðs sumarbústaðar og tjarnar. Hóllinn er 0,2-0,3 m á hæð og er a.m.k. 10 x 8 m að stærð. Hann snýr norður-suður. Mögulega hefur hóllinn náð aðeins lengra til vesturs áður. Hann er með skýrar brúnir til austurs og suður en mörk hans eru

óskýr til annnarra átta. Hólnum var mikið raskað þegar sumarbústaðurinn var byggður og ekki er útilokað að eitthvað grjót úr gamla bænum hafi verið endurnýtt í þá byggingu en frekari heimildir skortir til þess að staðfesta það. Líklega leynist einhver mannvist undir sverði á þessum slóðum þrátt fyrir mikið rask.

Bæjarstæði Litla-Lambhaga 004, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Þorbjarnarstaðir, 5; Fiskeldi og sumardvöl við Straumsvík

GK-167:011 *Aukatúngarður* heimild um túngarð A 351561 N 396606
„Hallinn lá út í Aukatún og þaðan út með vesturbrún Brunans fram hjá hesthúsinu á Aukatúni, að vesturtúngarði Aukatúns, sem var stuttur, aðeins ofan úr Brunanum niður að tjörn," segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn umhverfis aukatún var um 110 m SSA við Litla-Lambhagabæ 004 og rúmum 30 m sunnan við Reykjanesbraut. Á þessum slóðum er grasivaxið svæði sem er við vegkant Reykjanesbrautar.

Engin ummerki um túngarð sjást lengur á þessum slóðum. Garðurinn sést heldur ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og hefur því verið horfinn á þeim tíma. Mögulega hefur hann horfið vegna sumarhúsa sem byggð voru rétt austan við garðinn um miðbik 20. aldar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099

GK-167:012 heimild um hesthús A 351544 N 396602
„Upp í Aukatúni lá gangbraut hlaðin sem garður, nefndist Steinbogi [sjá 047]. Aukatún var smátunga út frá Brunahrauninu. Það var grætt upp og notað sem túnblettur frá Stóra-lambhaga [001]. Túnið var greiðfært, en ekki slétt. Á því stóð hesthús," segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var um 270 m SSV við Stóra- Lambhagabæ 001 og rúmum 50 m VNV við fjárhús 038. Þar sem hesthúsið var er vegkantur suðurhluta Reykjanesbrautar. Til suðurs er lítil tjörn.

Engin ummerki um hesthús sjást á yfirborði. Það sést heldur ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og virðist því alveg horfið á þeim tíma. Líklega hafa sumarbústaðir sem byggðir voru á þessum slóðum um miðbik 20. aldar raskað hesthúsinu.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 7; LMI-A06-A-1099

GK-167:014 *Litli-Lambhagastígur* gata leið A 351555 N 396600
„Hallinn lá út í Aukatún og þaðan út með vesturbrún Brunans fram hjá hesthúsinu á Aukatúni, að vesturtúngarði Aukatúns, sem var stuttur, aðeins ofan úr Brunanum niður að tjörn [sjá 011]. Í skrá Gísla segir, að þarna hafi verið Vesturtúngarðshlið og þá komið á Litla-Lambhagastíg. Þetta nafn er hins vegar óþekkt, en gæti hugsanlega átt að vera Aukatúnshlið," segir í örnefnaskrá. Greinileg leið sást í Aukatúni þegar svæðið var skráð í tengslum við áætlanir um breikkun Reykjanesbraut 2001 en hún var nær horfin þegar staðurinn var heimsóttur aftur vegna sama verkefnis 2020.



Yfirlitsmynd af Litla-Lambhagastíg 014 og fornleifum rétt sunnan við Reykjanesbraut. ©Loftmyndir ehf.

Gatan sést fast ofan Reykjanesbrautar þar sem grasi gróinn blettur er (Aukatún). Gatan er mjög gróin, óljós og liggur smávægilega upp í móti ef hún er gengin til norðurs. Innan svæðis sáust merki um götuna á um 20 m löngum kafla og er hún um 1,5 m breið. Til norðurs hverfur hún undir Reykjanesbraut og til suðurs hverfur hún í gróður. Leiðin sést vel á loftmynd frá 1960 og liggur þaðan frá tröðum 049 og niður að gamla Keflavíkurveginum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099

GK-167:017 *Yrðlingabyrgið* heimild um A 315517 N 396697
„Upp á klettastallinum var Yrðlingabyrgið, sporöskjulaga og nokkuð hátt, með lágum dyrum. Um aldamótin síðustu hafði Guðjón Gíslason þarna yrðlinga í fóstri," segir í örnefnaskrá. Talið er að Yrðlingabyrgið, Fiskibyrgið 018 og fjárhúsin 019 hafi verið á þeim slóðum þar sem vegurinn að álverinu í Straumsvík er nú, um 30 m austan við Litla-Lambhagabæ 004. Engin merki um fornleifar sjást lengur á þessum slóðum og hafa þær horfið undir malbikaðan veg sem liggur í átt að álverinu. Byrgið sést ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og hefur því verið horfið fyrir þann tíma.

Á þessum stað liggur malbikuð gata frá Reykjanesbraut og að álverinu í Straumsvík.
Engin merki um Yrðingabyrgið sjást lengur vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099

GK-167:018 *Fiskibyrgið* heimild um herslubyrgi A 351517 N 396690
„Þarna [sjá 017] er líka Fiskibyrgið, þar sem fiskur var kasaður hér í eina tíð og síðan hertur," segir í örnefnaskrá. Fiskibyrgið var um 30 m ASA við Litla-Lambhagabæ 001 og rúmum 20 m SSA við útihús 030. Engin merki um byrgið sjást lengur og hefur það horfið undir malbikaðan veg sem liggur í átt að álverinu í Straumsvík. Byrgið sést ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og hefur því verið horfið fyrir þann tíma. Á þessum slóðum liggur malbikuð gata. Til norðurs er bílastæði álversins í Straumsvík.

Engin ummerki um Fiskibyrgið sjást lengur á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099

GK-167:019 heimild um fjárhús A 351516 N 396682
"Þarna [sjá 017] er líka Fiskibyrgið, þar sem fiskur var kasaður hér í eina tíð og síðan hertur. Þarna uppi voru einnig tvö til þrjú fjárhús, og stóðu veggir þeirra til þessa," segir í örnefnalýsingu. Húsin sem getið er um í örnefnaskrá eru hér öll skráð undir sama númeri. Fjárhúsin voru um 40 m ASA við Litla-Lambhagabæ 004 og rúmum 10 m sunnan við Fiskibyrgið 017. Engin ummerki um fjárhús sjást lengur á þessum stað. Þau sjást ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og hafa verið horfin fyrir þann tíma. Á þessum stað liggur malbikuð gata. Til NNA er bílastæði álversins í Straumsvík.

Engin merki fjárhúsa sjást lengur á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099

GK-167:020 *Lambhagastígur* heimild um leið A 352842 N 397501
„Hér [í Þórðarvík] kemur niður stígur, er sameinast alfaraleiðinni austan og ofan við Gjögur. Sveinn í Eyðikoti , fóstri Gústafs Brynjólfssonar, kallaði hann Lambhagastíg. (Gísli Sigurðsson kallar hann ranglega Ólafsstíg)," segir í örnefnaskrá. Lambhagastígur lá nálægt bæjunum og þaðan til austurs þar til komið var í námunda við Gjögur sem er austan bæjanna. Þá sameinaðist Lambhagastígur Alfaraleiðinni 641:003. Leiðin var um 150 m ANA við álverið í Straumsvík og um 90 m norðan við Reykjanesbraut. Leiðin hefur að mestu legið innan framkvæmdasvæðis álversins í Straumsvík.

Engin merki leiðarinnar sjást á yfirborði en svæðinu hefur verið mikið umturnað; annars vegar vesturhlutanum vegna álversins í Straumsvík (b.1967) og hins vegar austurhlutanum vegna dælu- og hreinstöðvar (b. 2009).

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8, 10

Svæðið þar sem Ólafsstígur 021 lá, horft til NNV.

GK-167:021 *Ólafsstígur* heimild um leið A 351651 N 396660
„Þarna [sjá 017] er líka Fiskibyrgið, þar sem fiskur var kasaður hér í eina tíð og síðan hertur. Þarna uppi voru einnig tvö til þrjú fjárhús, og stóðu veggir þeirra til þessa. Sunnan við þau lá stígur austur. Gísli Sigurðsson segir, að hann hafi heitið Ólafsstígur, en það er rangt. Ólafsstígur liggur upp á hraunið hjá kálgörðunum [sjá 022] í Litla-lambhaga [sjá 004]," segir í örnefnaskrá. Ólafsstígur var um 220 m sunnan við Stóra-Lambhagabæ 001 og rúmum 100 ANA við hesthús

038. Þar sem slóðinn lá næst Reykjanesbraut hefur hraunlendinu verið umturnað við framkvæmdir.

Engin merki um leiðina sáust á vettvangi innan þess svæðis sem tekið var út vegna breikkunar Reykjanesbrautar 2020. Líklega hefur leiðin horfið í tengslum við eldri framkvæmdir við Reykjanesbraut.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:022 heimild um kálgarð A 351491 N 396647
„Ólafsstígur [021] liggur upp á hraunið kjá kálgörðunum í Litla-Lambhaga [sjá 004],“ segir í örnefnaskrá. Kálgarðurinn var um 50 m sunnan við Litla-Lambhagabæ 001 og rúmum 30 m norðan við Reykjanesbraut. Kálgarðurinn var innan heimatúns eins og það var afmarkað árið 1919 en er ekki merktur á því korti. Mögulega hefur hann verið aflagður fyrir þann tíma eða reistur skömmu eftir að kortið var gert. Engin ummerki kálgarðs sjást lengur á þessum slóðum. Kálgarðurinn var á grasigrónu svæði sem er á milli tjarnar og Reykjanesbrautar.

Á þessum slóðum var kálgarður 022, horft til suðurs.

Engin ummerki um kálgarð sjást lengur á yfirborði. Garðurinn sést heldur ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 hefur því verið horfinn fyrir þann tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099

GK-167:030 tóft útihús A 351503 N 396708
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 um 10 m austan við Litla-Lambhagabæ 004 og rúmum 10 m norðan við traðir 049. Enn sjást ummerki um grjóthlaðna tóft á þessum stað. Tóftin er í austurhluta óræktað heimatúns Litla-Lambhaga, rétt vestan við malbikaðan veg sem liggur að álverinu í Straumsvík.

Tóftin er einföld, 7,5 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin og eru

Yfirlitsmynd af útihús 030. ©Loftmyndir ehf.

hleðslurnar víða um 1 m á hæð og í þeim sjást 4-5 umför af stæðilegu hraungrýti í bland við smágrýti. Gengið var inn í tóftina fyrir miðri norðurhlið hennar. Austurveggur er talsvert hruninn inn í tóftina og þar er jafnframt nokkuð af bárujárnsrusli. Ekki sér því í botn á stórum hluta tóftarinnar og ekki er víst hvort í húsinu hafi verið jötur eða garði.

Útihús 030, horft til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-167:031 hleðsla A 351446 N 396689
Hleðsla, líklega stífla eða brú, er merkt inn á túnakort Litla-Lambhaga frá 1919. Hleðslan virðist hafa verið í gjá, um 40 m vestan við Litla-Lambhagabæ 001 og rúmum 10 m austan við túngarð 035. Enn sjást greinileg merki hleðslu á þessum stað. Hleðslan er í gróinni gjá sem er á vesturjaðri gamla heimatúns Litla-Lambhaga. Gróður er mjög þéttur og grænn við hleðsluna.

Hleðsla 031, horft til norðurs.

Hleðslan er í klettaskoru sem snýr norður-suður. Það er 2 m löng og er hleðsla um 1 m breið og liggur þvert yfir gjánna. Hún er 1,2 m há. Hún er grjóthlaðin og sjást 5 umför af stæðilegu grjóti í henni. Stærsta grjótið er neðst í hleðslunni en minna grjót er notað í hleðsluna ofar. Efst í henni eru smásteinar. Við stífluna, á bökkum gjárinnar, er grjótdreif. Mögulega hefur það tilheyrt stíflunni áður fyrr.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-167:035 garðlag túngarður A 351479 N 396627
Á túnakorti frá 1919 er sýndur túngarður fyrir suðvestur- og suðaustur hluta túnsins sem og suður- og austurhluta þess. Garðurinn afmarkaði svæði sem var um 90 x 85 m að stærð (norður-suður). Sjórinn afmarkaði túnið til norðurs. Garðurinn sést vel á loftmynd af svæðinu frá 1960 en nú er talsverður hluti hans horfinn. Á vettvangi 2020 sást aðeins suðvesturhlið garðsins en austurhluti hans er horfinn vegna framkvæmda við álverið í Straumvík. Við skráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar 2001 var austurhluti garðsins skráður sérstaklega undir númerinu GK-167:015 en við athugun á túnakorti og loftmynd af svæðinu frá 1960 við skráningu 2020 kom í ljós að sá garður var í raun hluti af túngarði gamla túns Litla-Lambhaga og hann því færður undir eitt og sama númerið 035. Austurhluta garðsins er lýst í örnefnaskrá: „Austurtúngarðurinn lá úr Beinaviki upp á klettastall og suður eftir honum suður á brunann.“ Garðurinn afmarkar óræktað heimatún Litla-Lambhaga til austurs. Til vesturs er Straumstjörn.

Yfirlitsmynd af túngarði 035. Túngarðshlutinn sem er ljósblár er merktur af loftmynd frá 1960, ónákvæmt. ©Loftmyndir ehf.

Vesturhluti garðsins sést á tveimur stöðum. Hann sést vel á um 10 m löngum kafla rétt norðan við Reykjanesbraut en hverfur þar í Straumstjörn. Hann er síðan greinilegur aðeins norðar á um 40 m löngum kafla. Samtals er hann því um 50 m langur. Hann er grjóthlaðinn. Neðsta umfarið er úr veglegu hraungrýti og víða sést ekki annað en á stöku stöðum má sjá 2 umför, sérílagi í norðurhluta garðsins. Garðurinn er 0,2-0,4 m á hæð og um 0,4 m breiður. Sums staðar hefur hrunið úr honum og niður í Straumstjörn. Austurhluti garðsins var einnig skráður af Byggðasafni Hafnarfjarðar 2012 vegna úttektar sem gerð var vegna undirgangna og vegagerðar við Reykjanesbraut við álverið í Straumsvík. Könnunarskurðir voru gerðir til þess að reyna finna austurgarðinn en ekkert kom í ljós í skurðunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Þorbjarnarstaðir, 8; LMI-A06-A-1099; Katrín Gunnarsdóttir 2012, 167/25

GK-167:036 *Geiragarður* heimild um kálgarð A 351534 N 396672
„Gísli segir, að í túninu hafi verið þessir matjurtagarðar: Geiragarður, Stórigarður [048] og Hraungarður [033]. Sr. Bjarni og heimildamenn hans muna ekki eftir kálgörðum í túninu, en garðar voru utan túns og m.a. einn við fjárhúsin við upphaf Ólafsgötu," segir í örnefnaskrá. Garðurinn var um 60 m suðaustan við Litla-Lambhagabæ 001 og um 20 m ASA við fjárhús 019. Engin merki um kálgarð sjást lengur á þessum slóðum. Grasi gróið hraunlendi en vegur að álveri hefur farið yfir austasta hluta túnsins.

Engin ummerki um kálgarð sést lengur á yfirborði. Garðurinn sést ekki á loftmynd af svæðinu frá 1960 og var því horfinn fyrir þann tíma. Hann sést ekki á túnakorti frá 1919 og gæti því verið yngri en kortið.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5

GK-167:037 *Hjallatúnsfjárhús* heimild um fjárhús A 351506 N 396631
„Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að það hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið undir Brunanum, en ekkert inni í túni," segir í örnefnaskrá. Hjallatún er fast neðan Reykjanesbrautar (brautin liggur í suðurjarðri túnsins) en vestan vegarins að álverinu. Hjallatúnsfjárhús var í suðurjaðri heimatúns Litla-Lambhaga, um 70 m sunnan við Litla-Lambhagabæ 004 og tæpum 20 m sunnan við kálgarð 022. Engin merki fjárhúss sjást lengur á þessum stað en á loftmynd af svæðinu frá 1960 sést áberandi 5,5 x 5,5 m stór dæld í suðurhluta túnsins og líklega hefur fjárhúsið staðið þar. Grasi vaxið hraunsvæði sem er rétt við afleggja að álverinu í Straumsvík.

Engin ummerki um fjárhús sjást nú á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5-6

GK-167:038 hleðsla fjárhús A 351573 N 396601
„Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að þar hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið undir Brunanum, en ekkert inni í túni," segir í örnefnaskrá. Fjárhúsið er um 280 m sunnan við Stóra-Lambhagabæ 001 og rúmum 40 m sunnan við Reykjanesbraut. Fjárhúsið er á grasigrónu svæði, rétt norðan við hraundranga. Malarvegur liggur nálega ANA-VSV rétt sunnan við tóftina.

Fjárhús 038, horft til SSA.

Greina má leifar fjárhúsanna sem grjóthlaðna hleðslu. Hún er um 7 m löng en 0,5 m á breidd. Hún er 0,2-0,6 m á hæð, stæðilegust til austurs. Í hleðslunni má greina 2-4 umför af blöndu af stæðilegu hraungrýti og smágrýti. Fjárhúsið sést á loftmynd af svæðinu frá árinu 1960. Samkvæmt henni mætti ætla að það hafi verið 15 x 10 m að stærð og snúið VNV-ASA. Fjárhúsinu hefur verið raskað vegna fyrri framkvæmda við Reykjanesbraut.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5-6; LMI-A06-1099

Yfirlitsmynd af fornleifum rétt sunnan við Reykjanesbraut. ©Loftmyndir ehf.

GK-167:039 heimild um A 351529 N 396735
Í skráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar 2001 var skráð hleðsla rétt utan við norðvesturhlið heimatúns Litla-Lambhaga, um 60 m norðvestan við Litla-Lambhagabæ 001 og rúmum 40 m NNV við útihús 030. Þegar staðurinn var heimsóttur aftur 2020 vegna nýrrar úttektar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar sáust engin merki um hleðslu á staðnum. Hugsanlega hefur hleðslan horfið vegna vegagerðar við álverið í Straumsvík. Hleðslan var upp við gróinn klettadranga í fjörunni.

Engin merki um hleðslu sáust á vettvangi, líklega vegna vegagerðar. Í skráningu frá 2001er hleðslunni lýst svo: „Hleðslan er um 7 m lengd en 0,8 m á hæð. Ekki eru greinanleg önnur mannvirki á þessum stað nema 4 m vestar eru nokkrir steinar sem gætu verið leifar af hleðslu. Helst er á að giska að þarna hafi verið einhvers konar vör eða uppsátur.“

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001, 53

GK-167:041 hleðsla fjárhús A 351572 N 396594
„Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að þar hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið undir Brunanum, en ekkert inni í túni," segir í örnefnaskrá. Lítil ummerki sjást nú um fjárhúsið en, um 130 m SSA við Litla-Lambhagabæ 004 og rúmum 5 m sunnan við fjárhús 038 er þó hleðsla sem er síðustu leifar þess. Hleðslan er á gróinni brekku sem er á milli núverandi Reykjanesbrautar og gamla Keflavíkurvegarins.

Hleðslan liggur í 2 m VNV-ASA upp í móti í brekku. Hún er um 0,3 m á hæð og gerð úr hraungrýti. Á loftmynd af svæðinu frá 1960 sést aðeins í fjárhús 038 og því virðist sem fjárhúsið hafi verið rifið fyrir þann tíma sem myndin var tekin.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5-6; LMI-A06-1099

GK-167:047 *Steinbogi* hleðsla samgöngubót A 351529 N 396590

Steinbogi 047, horft til SSA.

„Upp í Aukatúni lá gangbraut hlaðin sem garður, nefndist Steinbogi," segir í örnefnaskrá. Steinbogi eða hlaðin brú liggur yfir litla tjörn í Aukatúni, um 110 m sunnan við Litla-Lambhaga 004 og rúmum 20 m suðvestan við hesthús 012. Hleðslan liggur yfir tjörn eða deiglendi í grónu hrauni.
Hleðslan er um 5 m löng en 2 m breið. Hún snýr NNA-SSV. Hleðslan rís 0,4 m hærra en umhverfið og er grjóthlaðin en mikið gróin. Ekki sést í umför í hleðslunni þótt víða standi stæðilegt grjót upp úr gróðrinum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 7

GK-167:049 renna traðir A 351497 N 396686
Traðir eru merkar á túnakorti Litla-Lambhaga frá 1919. Þær liggja nálega norður-suður og enda við austurhluta heimabæjar Litla-Lambhaga 004. Traðirnar liggja mitt á milli brekku og tjarnar, í túni sem komið er í órækt.

Traðirnar eru tæplega 40 m langar og þær eru um 1 m á breidd. Bakkar þeirra eru mjög grónir og óskýrir en eru mest um 0,2 m á dýpt. Traðirnar eru líklega niðurgrafnar og ekki er að sjá hlaðna veggi meðfram þeim. Þær eru skýrastar til norðurs en verða ógreinilegri eftir því sem sunnar dregur. Traðirnar sjást vel á loftmynd af svæðinu frá 1960.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

Traðir 049, horft til norðurs.

GK-167:0501 heimild um útihús A 351508 N 396723
Útihús 01 með sambyggðum kálgarði 02 var merkt inn á túnakort frá 1919 um 40 m norðvestan við Litla-Lambhagabæ 001 og rúmum 10 m norðan við útihús 030. Fornleifarnar voru rétt sunnan við fjöruna og sjást engin merki þeirra lengur á yfirborði. Rétt sunnan við fjöru, á svæði sem hallar nokkuð til norðvesturs.

Engin merki um útihús sjást lengur á yfirborði. Það sést heldur ekki á loftmynd frá 1960 og mögulega hafa sumarbústaðir sem reistir voru um miðbik 20. aldar raskað minjastaðnum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-167:0502 heimild um kálgarð A 351508 N 396721
Engin merki kálgarðs 02 sjást lengur, hvorki á vettvangi né á mynd af svæðinu frá 1960. Svæðinu var raskað vegna sumarbústaðarbyggðar um miðbik 20. aldar og líklega hvarf kálgarðurinn í þeim

framkvæmdum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; LMI-A06-A-1099

GK-168 Hvaleyri

Sögulegar heimildir
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 168.
1847: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 110. Í neðanmálsgrein segir: „Þó jb. 1803 ein nefni 4 bygðar hjáleigur (Bindindi, Lönd, Lásastaði, og Ásgautstaði) og vorði þær allar til dýrleika, er þeim samt sleppt, bæði af presti og sýslumanni (sem nú líklega graslausum).“ Samkvæmt Hauksbók Landnámu sigldi Hrafna-Flóki í Hafnarfjörð og fann þar hval á eyri einni og kölluðu það Hvaleyri. Í Landnámu segir að Ásbjörn Özzurarson, bróðursonur Ingólfs, hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns og allt Álftanes og bjó hann á Skúlastöðum [sjá Garða]. ÍF I, 39, 394.
1284: Jarðarinnar getið í rekaskrá Viðeyjarklausturs (sjá jarðaítök hér neðar). DI II, 246.
Um 1300 er getið um Hvaleyri í sögn af Teiti bónda þar í jarteinasögu Þorláks helga. Biskupa sögur I, 386.
1343 er minnst á Hvaleyri í Gottskálksannál. Isandske Annaler, 352.
1395: Þá á Viðeyjaklaustur Hvaleyri og var leiga 4 hndr. DI III, 597.
1395: Jarðarinnar getið í skrá Viðeyjarklausturs m kvikfé og leigumála. DI III, 597.
1448 [eða síðar]: „Vitnisburður Hafliða Gizurarsonar um landeign og landamerki Hvaleyrar við Hafnarfjörð […] kirkian aa hvaleyri ætti Þorlakstade og hravnvelle. hamranes ok grisanes ok alltt firir svnnann vtann ok ofan ok vp vr hvaleyrar vatnni ok nordvr j kornstapa hravn. ok alltt vp med gotvnni firir svnnan ok vp yfer þormodz hofda nema litinn skog er lavgarnes kirkia aa vid landsydri j hvaleyrar hofda." DI IV, 751–752..
1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114.
Hjáleiga 1703: Hvaleyrarkot. Enn fremur höfðu afbýlismenn heima við bæinn grasnyt. Bóndi jarðarinnar sá um að viðhalda þeim húsum sem þeir voru í.
Jarðaítök 1284: Viðeyjarklaustur á hálfan rekavið á jörðinni. Og skóg í hrauni út frá Hvaleyri. DI II, 246–277.

Landkostir
1703: „Selstöðu á jörðin þar sem heitir Hvaleyrarsel, þar eru hagar sæmilegir og vatnsból gott. Hrissrif nokkurt hefur jörðin í heimalandi og er það að mestu eytt. Item hefur hún hrisrif til eldiviðar í almenningum og svo til kolgjði'ðar. Torfrista og stúnga í lakasta máta nærri ónýt. Lýngrif hefur jörðin nokkurt. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara að nokkru gagnvænleg. Skelfiskfjara nægileg til beitu, liður ágáng af öðrum jörðum. Heimræði er árið um kríng og lending góð, og gánga skip ábúenda eftir hentugleikum. Til forna hefur hjer oft undir kóngsskipa nafni gengið eitt tveggja manna far, en síðan Lauridtz Hansson Siefing var á Bessastöðum Heidemanns vegna hefur það ekki verið. Inntökuskip hafa hjer stundum gengið ekki stærri en tveggja manna för, og hefur ábúandi þegið undirgift af, mætti og enn vera ef menn vildu. Túnin spillast af sandságángi. Engjar eru öngvar. Vatnsból er ilt og þrýtur bæði vetur og sumar.“ JÁM III, 169.

GK-168:052 *Stóravarða* varða landamerki A 352877 N 397366
„Þá liggur línan niður um Þórðarvík um Stóruvörðu, sem stóð á hraunbrúninni rétt þar sem alfaraleið lá upp á Kapelluhraunið," segir í örnefnaskrá. Varðan var um 2 m á hæð og mjög stæðileg. Árið 1999 var gerður vegarslóði fast sunnan hennar og við þær framkvæmdir rak ýtumaður sig í vörðuna og hrundi hún við það. Í skráningu fornleifa vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá 2001 segir að frumkvæði þjóðminjavarðar var hluti vörðunnar hins vegar hlaðinn upp aftur. Þær leifar eru langt utan heimatúns Hvaleyrarbæjar, um 2 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 40 m sunnan við Reykjanesbraut. Varðan er á grýtti hæð rétt norðan við malarvegslóða.

Varðan er sæmilega hlaðin, 1,5 m á hvorn veg og um 1 m á hæð. Hún er grjóthlaðin og úr blöndu af stæðilegu hraungrýti og smágrýti. Efst á vörðunni eru smásteinar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri B, 6; Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2001, 54

Stóravarða 052, horft til norðvesturs.

GK-168:054 *Suðurnesjavegurinn* heimild um leið A 353330 N 397587
„Þar sem Reykjanesbrautin er var Suðurnesjavegurinn," segir í örnefnaskrá. Vegurinn er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1911. Þar liggur hann að stórum hluta þar sem Reykjanesbraut liggur nú en liggur skammt sunnan við brautina við Litlu-Lambhagatún GK-166:004. Þaðan heldur leiðin áfram til Keflavíkur. Aðeins hluti vegarins var skráður (í landi Hvaleyrar) í tengslum við úttekt vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2020. Leiðin þræddi gróið hraun.

Leiðinni var aðeins fylgt á þeim kafla sem er innan þess svæðis sem tekið var út vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar 2020. Á þessum slóðum er leiðin annars vegar horfin undir Reykjanesbraut (á austurhluta skipulagssvæðis) en hins vegar (á vesturhluta svæðis) liggur gamli Keflavíkurvegurinn á sömu slóðum og gamla leiðin lá. Engin merki um gamla Suðurnesjaveginn sáust því á yfirborði vegna vegagerðar innan úttektarsvæðis.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri B, 5; Hkort 27 SA

GK-641 Fornleifar á fleiri en einni jörðu

GK-641:003 *Alfaraleið* gata leið A 352075 N 396878
„Um jörðina [Hvassahraun. GK-160] hafa frá alda öðli legið ferðamannaleiðir til Suðurnesja. Má enn sjá þrjár brautir: Alfaraleið, troðninga hestalestanna, þjóðveginn, leið hestvagna og bifreiða, og nú síðast liggur um jörðina Reykjanesbrautin," segir í örnefnaskrá. Alfaraleið var skráð að hluta þegar tekið var út áhrifasvæði vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar 2001. Leiðin var aftur skráð í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar 2020 og aðeins sáust lítil ummerki um hana innan úttektarsvæðis, í landi Þorbjarnastaða (GK-166), rétt sunnan við Kapellu 054. Í landi Þorbjarnastaða liggur leiðin á mjög grýttu svæði. Gróður er lítill, mosi að uppistöðu. Til suðurs liggur malarvegur og til norðurs er Reykjanesbraut.

Leiðin er fremur ógreinleg í landi Þorbjarnastaða. Ummerki um hana sáust þó rétt sunnan við Kapellu 054 en þar liggur hún norðaustur-suðvestur á um 5 m kafla. Leiðin er gróin að hluta en mjög grýtt. Hún er um 1 m breið. Líklega er þetta gömul dæld sem leiðin liggur i gegnum en allt svæðið kringum kapelluna er gjörbreytt vegna framkvæmda við álverið og því lítilla ummerkja að vænta.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 1

5 Niðurstöður og samantekt

Samtals voru skráðar 56 minjaeiningar innan úttektarsvæðisins (tafla 1). Allar minjar sem voru skráðar innan svæðisins eru skilgreindar í stórhættu vegna vegaframkvæmda, nema túngarður (GK-165:010). Hann er rétt utan þess svæðis sem var til skoðunar en helgunarsvæði hans (15 m radíus út frá ystu sýnilegum mörkum) lendir innan svæðis. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta gæti mögulega steðjað að fornleifum á framkvæmdatíma verði ekkert að gert. Yfirleitt er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumatsins fremur ætlað að beina kastljósinu að því að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna tiltekinna þátta.

Svæðið sem tekið var út sumarið 2020 er nokkuð einsleitt og er að mestu gróið hraunlendi, þar sem skiptast á grónar skvompur og lægðir og lítt grónir klettahólar (mynd 2). Gróður er nokkur, mosi að uppistöðu. Svæðið er talsvert raskað, m.a. vegna lagningar Reykjanesbrautar um 1965 og fer brautin t.a.m. yfir norðurhluta heimatúns Pétursskots í landi Þorbjarnarstaða. Úttektarsvæðinu var sömuleiðis mikið raskað þegar Álverið í Straumsvík var byggt um 1960, auk margs konar iðnaðarframkvæmda í tengslum við álverið frá þeim tíma. Hér neðar er samantekt um minjar sem fundust innan svæðis (sjá töflu 1).

Mynd 2: Horft yfir úttektarsvæði til ANA. Í fjarska sést í álverið í Straumsvík.

Tafla 1. Minjar innan úttektarsvæðis					
Samtala	**Minjaeiningar**	**Tegund**	**Hlutverk**	**Sérheiti**	**Fjarlægð frá miðlínu (m)**
GK-162:014	1	Heimild	Leið	Lónakotsselstígur	0
GK-162:031	1	Varða	Samgöngubót		80
GK-163:057	1	Gata	Leið	Skógargata	35
GK-163:072	1	Heimild	Leið		0
GK-163:074	1	Heimild		Goltravarða	40
GK-163:091	1	Garðlag			25
GK-165:010	1	Garðlag	Túngarður		111
GK-165:018	1	Gata	Leið		48
GK-165:059	1	Tóft	Rétt	Straumsrétt	51
GK-165:060	1	Tóft	Fjárhjús		81
GK-166:007	1	Heimild	Stekkur		14
GK-166:026	1	Gata	Leið	Pétursskotsstígur	47
GK-166:027	9	Bæjarstæði	Býli	Pétursskot	20
GK-166:028	3	Brú	Leið	Pétursspor	31
GK-166:041	2	Gata	Leið	Straumselsstígur	69
GK-166:054	1	Tóft	Bænhús	Kapella	45
GK-166:057	1	Þjóðsaga	Legstaður	Dysin	42
GK-166:070	2	Tóft	Naust	Pétursshróf	56
GK-167:004	1	Bæjarstæði	Býli	Litli-Lambhagi	78
GK-167:011	1	Heimild	Túngarður	Aukatúngarður	31
GK-167:012	1	Heimild	Hesthús		29
GK-167:014	1	Gata	Leið	Litli-Lambhagastígur	34
GK-167:017	1	Heimild		Yrðlingabyrgið	69
GK-167:018	1	Heimild	Herslubyrgi	Fiskibyrgið	61
GK-167:019	1	Heimild	Fjárhús		54
GK-167:020	1	Heimild	Leið	Lambhagastígur	96
GK-167:021	1	Heimild	Leið	Ólafsstígur	25
GK-167:022	1	Heimild	Kálgarður		32
GK-167:030	1	Tóft	Útihús		85
GK-167:031	1	Hleðsla			89
GK-167:035	1	Garðlag	Túngarður		20
GK-167:036	1	Heimild	Kálgarður	Geiragarður	49
GK-167:037	1	Heimild	Fjárhús	Hjallatúnsfjárhús	12
GK-167:038	1	Hleðsla	Fjárhús		42
GK-167:039	1	Heimild			99
GK-167:041	1	Hleðsla	Fjárhús		49
GK-167:047	1	Hleðsla	Samgöngubót	Steinbogi	33

GK-167:048	1	Heimild	Kálgarður	Stórigarður	55
GK-167:049	1	Renna	Traðir		66
GK-167:050	2	Heimild	Útihús		94
GK-168:052	1	Varða	Landamerki	Stóravarða	37
GK-168:054	1	Heimild	Leið	Suðurnesjavegurinn	0
GK-641:003	1	Gata	Leið	Alfaraleið	58
56					

Einn friðlýstur minjastaður var innan svæðis. Það er Kapellan (GK-166:054), en hún er rétt suðaustan við Álverið í Straumsvík. Kapellan var helguð heilagri Barböru, verndara ferðamanna. Kapellan var friðlýst árið 1930 af Matthíasi Þórðarsyni, þáverandi þjóðminjaverði.[4] Hún var síðan grafin upp af Kristjáni Eldjárn og fleirum árið 1950.[5] Að uppgreftinum loknum var Kapellan endurgerð að stórum hluta og nú eru tvö upplýsingaskilti við staðinn. Lagfærða tóftin er stæðileg, grjóthlaðin, og einföld. Inni í kapellunni er líkneski af heilagri Barböru. Kapellan er ein fárra vegakapella á Íslandi sem hefur varðveist. Enn fremur má nefna hér að (þjóð)sagnir eru um að einn af sveinum Kristjáns skrifara hafi verið drepinn við Kapelluna og dysjaður þar.[6] Dysin er ekki friðlýst. Engin merki um dys (GK-166:057) sjást lengur á þessum slóðum enda hefur svæðinu verið algjörlega raskað á síðustu áratugum vegna bygginga- og vegaframkvæmda.

Heimildir gefa einkum til kynna að samgönguleiðir hafi legið um svæðið sem var til skoðunar. Alls voru 12 leiðir skráðar og var varðveisla þeirra mjög mismunandi. Af þessum 12 leiðum voru þrjár leiðir sem lágu til selja og við þær voru vörður sem vísuðu veginn. Fyrst er að nefna Lónakotsselstíg (GK-162:014) sem lá á milli Lónakots og samnefnds sels. Engin merki um stíginn sáust innan úttektarsvæðis en á loftmynd af svæðinu frá 1960[7] eru greinileg ummerki um hann rétt sunnan við það svæði sem tekið var út. Rétt norðvestan við stíginn fannst nær hrunin varða (GK-162:031). Ekki er ljóst um hlutverk hennar en mjög sennilega hefur hún varðað leiðina að selinu. Einnig fundust ummerki um Straumsselsstíg (GK-166:041 1) og grjóthlaðna vörðu (GK-166:041 2) sem var við leiðina. Stígurinn er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1911.[8] Þar má sjá að leiðin hefur legið frá Suðurnesjavegi (GK-168:054) til norðurs og endað við Lónakot GK-162. Stígurinn

[4] Ágúst Ó. Georgsson 1990, bls. 12.
[5] **Árbók** 1955-1956, 5-15.
[6] **Ö-Þorbjarnarstaðir**, 11; sjá enn fremur **KK** I, 21.
[7] LMI-A06-A-1099.
[8] **Hkort** 27 SA.

er greinilegur rétt sunnan við Reykjanesbrautina í landi Þorbjarnarstaða. Hann sést á um 80 m löngum kafla sem mosagróin gata. Fast suðaustan við Brunntjörn, í landi Óttarsstaða, var Skógargata (GK-163:057). Hún lá frá Eyðikotshlíð og upp að Óttarsstaðaseli. Hún sést sem mosagróin gata á um 80 m löngum kafla, fremur neðarlega á mjög grónum ás.

Enn fremur var nokkur fjöldi leiða skráðar þar sem varðveisla er með sæmilegu móti. Nokkrar þeirra eru gamlar þjóðleiðir sem lágu frá Hafnarfirði og til Suðurnesja. Þar á meðal er Alfaraleiðin (GK-641:001). Aðeins sáust óljós ummerki um hana innan úttektarsvæðis 2020 í landi Þorbjarnarstaða. Á herforingjaráðskorti frá 1911 er Suðurnesjavegurinn (GK-168:054) sýndur liggja að stórum hluta innan vegarstæðis Reykjanesbrautarinnar.[9] Engin ummerki um Suðurnesjaveginn sjást innan úttektarsvæðis vegna vegagerðar.

Aðrar leiðir sem voru á svæðinu lágu fyrst og fremst milli svæða innan jarða, svo sem milli útihúsa eða staða utan heimatúns, svo sem engja eða til sjávar. Ummerki um Pétursspor (GK-166:028) fundust við Straumstjörn. Um er að ræða stíg sem lá frá Pétursskoti og niður Straumshólana.[10] Skráðar voru þrjár grjóthlaðnar brýr (GK-166:028 1–3) sem tilheyrðu leiðinni. Brýrnar eru allar um 0,6 m á hæð og lágu milli grasivaxinna hólma í Straumsvík. Einnig var önnur leið skráð sem nefnd er eftir Pétri, en það er Pétursskotsstígur (GK-166:026). Stígurinn lá frá Þorbjarnatstöðum til Pétursskots og þaðan til sjávar. Leiðin er greinileg rétt suðaustan við Pétursskot og sést þar sem gróin gata sem er um 1 m breið og 0,3 m djúp. Hún er um 70 m á lengd. Að auki sáust afar óljós ummerki um tvær leiðir innan svæðis, þ.e. leið (GK-165:018) í landi Straums, rétt austan við Brunntjörn, og Litla-Lambhagastígur (GK-167:014). Hægt var að rekja hann á um 20 m löngum kafla. Hann sést aftur á móti mun betur á loftmynd af svæðinu frá 1960.[11] Einnig var Steinbogi (GK-167:047) skráður upp undir Aukatúni. Hann er grjóthlaðin brú yfir litla tjörn. Aðrar leiðir á svæðinu eru horfnar. Í landi Óttarsstaða, rétt austan við Lónakotsselsstíginn var leið (GK-163:072). Líkast til hefur hún legið við Reykjanesbrautina og er hún því væntanlega horfin undir veginn. Við Þórðarvík lá Lambhagastígur (GK-167:020). Hann hefur líklega horfið vegna framkvæmda, m.a. vegna byggingar Álversins í Straumsvík. Sömuleiðis sjást engin ummerki um Ólafsstíg (GK-167:021) sem lá frá heimatúni Litla-Lambaga og til austurs. Gatan hefur líklega horfið vegna eldri framkvæmda við Reykjanesbrautina.

---

[9] Hkort 27 SA.
[10] **Ö-Þorbjarnarstaðir**, 4.
[11] LMI-A06-A-1099.

Heimatún tveggja kotbýla eru innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra vegaframkvæmda, þ.e. Pétursskots og Litla-Lambhaga. Bæði kotin fóru í eyði á fyrri hluta 20. aldar. Tún þeirra eru sæmilega varðveitt en bæði eru þó röskuð að hluta vegna eldri vegaframkvæmda og byggingar Álversins í Straumsvík. Til eru túnakort frá því um 1920 af báðum heimatúnum. Á þeim má sjá gömlu bæina, útihúsin og traðir. Vert er þó að muna að kortin sýna aðeins hús sem voru í notkun þegar kortin voru gerð. Sennilegast leynast fleiri minjar innan heimatúna undir sverði.

Ummerki um Pétursskot (GK-166:027 1) og fornleifar innan heimatúns kotsins (GK-166:027 2–9) voru skráðar rétt sunnan við Reykjanesbrautina, í landi Þorbjarnarstaða. Kotið var byggt um 1900 af Pétri Pétursyni og fjölskyldu.[12] Það kemur fyrst fram í manntali 1880[13] og kemur fram í manntölum til 1910 en er ekki getið í manntali 1920. Enginn eiginlegur bæjarhóll er greinilegur þar sem gamli bærinn stóð en þar sést þó mikið hleðslugrjót úr hraungrýti á svæði sem er 8 x 6 m að stærð. Rétt austan við bæjarstæðið var útihús merkt inn á túnakort frá 1919. Á þessum stað er grjóthlaðin L-laga hleðsla (GK-166:027 3). Lagning Reykjanesbrautar árið 1965 umturnaði heimatúni Pétursskots og er norðurhluti þess kominn undir veginn. Á raskaða svæðinu var kálgarður (GK-166:027 2), útihús (GK-166: 027 4–5), og traðir (GK-166:027 8). Þessar fornleifar eru horfnar undir veginn ásamt norðurhluta túngarðsins (GK-166:027 7). Suðurhluti túngarðsins er þó enn uppistandandi. Hann er hlaðinn úr hraungrýti og er 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Tóft (GK-166:027 6) er sambyggð austurhluta garðsins. Hún er einföld, torf- og grjóthlaðin og eru veggir um 1 m á hæð. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki einhvers konar útihúss.

Í landi Stóra-Lambhaga, rétt austan við Álverið í Straumsvík, er hjáleigan Litli-Lambhagi. Hún kemur fyrst fram í manntali 1860 og er getið í manntölum fram til 1890. Hjáleigunnar er ekki getið manntalinu frá 1901 en kemur fram í manntalinu frá 1910. Hún er síðan ekki nefnd í manntalinu frá 1920. Búið er að raska heimatúni Litla-Lambhaga talsvert. Vegur var lagður yfir austurhluta þess og sömuleiðis var sumarbústaður byggður um miðbik 20. aldar fast norðan við bæjarhólinn.[14] Af þeim sökum sjást lítil sem engin ummerki um bæjarhól (GK-167:004) á Litla-Lambhaga. Hóllinn er 0,2–0,3 m á hæð og er a.m.k. 10 x 8 m að stærð, en gæti hafa náð lengra til vesturs. Sæmilega varðveitt útihús (GK-167:030) er rétt austan við bæjarhólinn. Það er grjóthlaðin

[12] **Ö-Þorbjarnarstaðir**, bls. 4.
[13] Manntal 1880; hér og annars staðar er vísað í Sóknarmanntal Þjóðskjalasafnsins sem er aðgengileg á vefnum manntal.is
[14] Jónatan Garðarsson, „Fiskeldi og sumardvöl við Straumsvík."

og einföld tóft með inngangi til norðurs. Vestan við bæjarhólinn er grjóthleðsla (GK-167:031), sem hlaðin er í klettaskoru. Mögulega er þetta stífla en gæti þess vegna verið lítil brú yfir skoruna. Túngarður Litla-Lambhaga (GK-167:035) er merktur inn á túnakort frá 1919. Garðurinn afmarkaði svæði sem var um 90 x 85 m að stærð (norður-suður) en norðurhlið túnsins var afmörkuð af sjónum. Aðeins sjást ummerki um vesturhluta garðsins en austurhluti hans sést hins vegar skýrt á loftmynd af svæðinu frá 1960.[15] Garðurinn er hlaðinn úr veglegu hraungrýti, mesta hleðsluhæð er 0,4 m. Að auki sáust óljós ummerki um traðir (GK-167:049) rétt sunnan við bæjarhól Litla-Lambaga. Ekki sáust merki um fornleifar sem heimildir geta til um að hafi verið innan eða rétt við heimatún Litla-Lambhaga, þ.e. kálgarðar (GK-167:022, 036, 048, 050 2), fjárhús (GK-167:019, 030), byrgi (GK-167:017, 018), útihús (GK-167:050 1) og hleðsla (GK-167:039). Allflestar, ef ekki allar, þessar fornleifar hafa horfið vegna rasks í tengslum við álverið í Straumsvík og/eða í tengslum við byggingu sumarbústaðs.

Grjóthlaðinn túngarður Straums (GK-165:010) var einnig skráður. Garðurinn er merktur inn á túnakort Straums frá 1919. Hann er utan úttektarsvæðisins en helgunarsvæði hans (15 m út frá ystu mörkum) er innan þess og var hann því tekinn með í þessa fornleifaskrá. Aðrar fornleifar innan heimatúns Straums eru utan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar vegagerðar.

Nokkrar landbúnaðarminjar voru skráðar sem eru utan heimatúna þeirra jarða sem framkvæmdasvæðið liggur yfir. Austan við Brunntjörnina, í landi Straums, er vel varðveitt grjóthlaðin fjárhústóft (GK-165:060). Sunnan við tóftina er Straumsrétt (GK-165:059). Hún er grjóthlaðin, hleðslur signar og er réttin tvískipt. Tvö fjárhús (GK-167:038, 041) voru við og á Aukatúni sem er rétt sunnan við Reykjanesbrautina í landi Stóra-Lambhaga. Vegna rasks í tengslum við vegagerð eru aðeins lítil ummerki um fjárhúsin greinileg. Aðrar landbúnaðarminjar sem vitað var um innan svæðis sáust ekki á yfirborði. Í örnefnaskrá er greint frá því að túngarður (GK-167:011) og hesthús (GK-167:012) hafi verið rétt sunnan Reykjanesbrautar, við Aukatún (í Brunahrauni).[16] Engin merki um þessar fornleifar sjást lengur á yfirborði vegna vegagerðar. Stekkur (GK-166:007) í landi Þorbjarnastaða var skráður í fornleifaskráningu Þjóðminjasafns á 9. áratug seinustu aldar. Frá því sú skráning var gerð er hins vegar búið að leggja jarðstreng á þeim stað sem tóftin var og henni hefur alveg verið raskað af þeim sökum. Engi merki um stekk sjást lengur.

[15] LMI-A06-A-1099.
[16] **Ö-Þorbjarnarstaðir**, 7–8.

Fáar minjar um sjósókn voru skráðar innan svæðis. Þó var naustið Pétursrófl (GK-166:070 1) skráð og lending (GK-166:070 2) því tengd rétt norðan við Reykjanesbrautina, í Straumsvík. Naustið er grjóthlaðið og sæmilega varðveitt. Lendingin er náttúruleg og sést sem rúmlega 2 m breið renna í fjörunni. Djúp skora sést þar eftir báta.

Ungt garðlag (GK-163:091) var skráð vestan við Skógargötuna, í mosavöxnu hrauni þar sem víða sér í grónar skvompur. Garðlagið er um 90 m langt og snýr norðvestur-suðaustur. Það nær þó lengra til norðvesturs en var eingöngu fylgt innan úttektarsvæðis 2020. Óvíst er með hlutverk garðsins en ráða má af staðsetningu hans og gerð að hann hafi verið hlaðinn undir gamla landamerkjagirðingu. Mögulega er garðurinn of ungur til þess að teljast til fornleifa en hann fær að njóta vafans og er hafður hér með ásamt öðrum minjum á svæðinu.

Stóravarða (GK-168:052) er landamerkjavarða sem er rétt austan við Kapelluhraunið, í landi Hvaleyrar. Varðan skemmdist vegna vegaframkvæmda árið 1999 en var endurhlaðin að frumkvæði þjóðminjavarðar skömmu síðar. Hún er ágætlega hlaðin og er um 1 m á hæð.

Að lokum er heimild um Goltruvörðu (GK-163:074) á Goltruhól [17] innan úttektarsvæðisins. Engin varða sést lengur á þeim stað og ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt.

5.1 Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisaðgerðir

Hér fyrir neðan verður, að beiðni Vegagerðarinnar, sett fram mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisaðgerða líklegt er talið að grípa þurfi til vegna sömu minja (tafla 2).

Í laganna skilningi eru allar friðaðar minjar, 100 ára og eldri, friðhelgar, þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðar. Allir minjastaðir hafa því eitthvert gildi enda eru þeir vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu.

[17] **Ö-Óttarsstaðir**, 13.

Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum tegundum minja og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi minjastaða eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisaðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands er þessi misseri unnið að gerð slíkra staðla sem stofnunin hyggst fylgja í mati sem þessu. Byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum sem nú eru í vinnslu. Við mat á gildi minjastaða er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástandi og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í töflunni að neðan (sjá töflu 2) er gerð tilraun til að leggja mat á gildi minjastaða sem skráðir voru á áhrifasvæði Reykjanesbrautar, með áðurgreindum fyrirvörum. Gildi minjastaða var skipt í fjóra flokka:

a) **Mjög mikið gildi**: Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa sérstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.
b) **Mikið gildi**: Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.
c) **Nokkurt gildi**: Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.
d) **Lítið gildi**: Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisaðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna minjanna. Um

margar minjanna gildir að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdartíma. Þar sem ljóst þykir, út frá veghönnun, að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum fer það mjög eftir ástandi og eðli minjanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um mótvægisaðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisaðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um minjar eru horfin og ekki er von til þess að minjar finnist undir sverði. Getur það átt við götur, vörður, byrgi, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Líklegt er talið að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í mannvirki á borð við tóftir og garðlög til þess að ákvarða aldur og eðli minjanna sem fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir raski. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel könnunarskurða á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún. Í ljósi þessara forsendna er gerð grein fyrir mati á gildi minjastaða og tillögum að mótvægisaðgerðum í meðfylgjandi töflu (2).

Tafla 2. Gildi minjastaða og mögulegar mótvægisaðgerðir

Samtala	Hlutverk	Mögulegar mótvægisaðgerðir	Röksemd	Verndargildi
GK-162:014	Leið	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-162:031	Samgöngubót	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Lítið
GK-163:057	Leið	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-163:072	Leið	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-163:074		Engar	Engin varða lengur á svæðinu	Lítið
GK-163:091		Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Lítið
GK-165:010	Túngarður	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-165:018	Leið	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Lítið
GK-165:059	Rétt	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-165:060	Fjárhús	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-166:007	Stekkur	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-166:026	Leið	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-166:027	Býli	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mjög mikið
GK-166:028	Leið	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-166:041	Leið	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-166:054	Bænhús	Sérstakt leyfi	Friðlýst fornleif	Mjög mikið
GK-166:057	Legstaður	Eftirlit	Möguleiki á mannabeinum á svæðinu	Mikið

GK-166:070	Naust	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt
GK-167:004	Býli	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mjög mikið
GK-167:011	Túngarður	Eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
GK-167:012	Hesthús	Eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
GK-167:014	Leið	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:017		Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:018	Herslubyrgi	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:019	Fjárhús	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:020	Leið	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:021	Leið	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:022	Kálgarður	Eftirlit	Innan heimatúns	Lítið
GK-167:030	Útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-167:031		Merkja/eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-167:035	Túngarður	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-167:036	Kálgarður	Eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-167:037	Fjárhús	Eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-167:038	Fjárhús	Eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
GK-167:039		Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-167:041	Fjárhús	Eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
GK-167:047	Samgöngubót	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkuð
GK-167:048	Kálgarður	Eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
GK-167:049	Traðir	Eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-167:050	Útihús	Eftirlit	Innan heimatúns	Mikið
GK-168:052	Landamerki	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Lítið
GK-168:054	Leið	Engar	Fornleif horfin og svæðið mikið raskað	Lítið
GK-641:003	Leið	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð	Nokkurt

5.2 Áhrif framkvæmda á fornleifar

Í þessum kafla er fjallað áhrif framkvæmda á fornleifarnar. Matið er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa[18] Eins og áður segir voru 56 fornleifar á 43 minjastöðum skráðar innan áhrifasvæðis framkvæmda og má því gera ráð fyrir því að framkvæmdin gæti einhver áhrif haft á þær allar, með einum eða öðrum hætti. Á mörgum stöðum gætu áhrifin hins vegar verið óbein og oft hægt að komast hjá beinu raski með einfaldri merkingu minjastaða og upplýsingagjöf (sjá nánar í töflu 2). Ef litið er yfir svæðið heildstætt má draga fram

[18] Skipulagsstofnun 2005.

þrjú minjasvæði þar sem áhrif geta verið veruleg og þarfnast því sérstakar umfjöllunar. Þessi svæði eru Kapellan (GK-166:054) í Kapelluhrauni, heimatún Pétursskots og heimatún Litla-Lambhaga. Eftirfarandi viðmið liggja til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar:

- Í 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), segir „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands."
- Minjastofnun Íslands vinnur eftir þeirri reglu að rannsóknir á friðlýstum fornleifum, þjóðminjum, sem hafa röskun minjastaðar í för með sér, séu aðeins heimilar í undantekningartilvikum. Slíkar rannsóknir hlíta sérstökum kröfum sem settar eru fram af Minjastofnun Íslands.[19]
- Í lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 kemur hugtakið búsetulandslag fyrir: (1.gr., 2. mgr.): „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag […]." Í greinargerð með lögunum segir: „Sú skilgreining á menningarminjum sem tekin er upp í 2. mgr. er víðari og jafnframt skýrari en í gildandi lögum. Þannig er menningar- og búsetulandslag bætt við upptalninguna til að undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar."

Áhrifasvæði tvöföldunar Reykjanesbrautar nær yfir stóran hluta af friðhelgunarsvæði Kapellunnar (GK-166:054) sem er friðlýst fornleif. Í kringum friðaðar minjar er 100 m svæði allt í kring skilgreint sem friðhelgunarsvæði en fyrir friðaðar fornminjar er það aðeins 15 m. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands áður en friðhelgunarsvæði Kapellunnar er raskað eða farið í framkvæmdir innan þess. Fyrir liggur stefnumörkun Minjastofnunar Íslands um friðlýstar fornleifar. Kapellan er innan áhrifasvæðis framkvæmda við tvöföldun Reykjanesbrautar. Mikið rask hefur orðið í gegnum tíðina á friðhelgaða svæðinu í kringum tóftina og er mikilvægt að ekki verði frekara rask á því en orðið er. Lagt er til að Kapellutóftin sjálf verið afgirt og merkt mjög vel á framkvæmdatíma og ekki

[19] Sjá t.d. Minjastofnun Íslands, „Friðlýstar fornminjar."

er óhugsandi að gerðar verði kröfur um vöktun á svæðinu þegar framkvæmdir eiga sér stað til að tryggja sem best varðveislu staðarins.

Áhrifasvæði vegaframkvæmdanna nær yfir heimatún tveggja kotbýla (Pétursskots GK-166:027 og Litla-Lambhaga GK-167:004) sem eru samkvæmt heimildum bæði frá seinni hluta 19. aldar. Reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Talsverðar líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós innan heimatúna Pétursskots og Litla-Lambhaga þegar framkvæmdir hefjast. Þó að heimildir geti ekki um býlin fyrr en tiltölulega seint er möguleiki á því að eldri minjar leynist á þessum grónu svæðum í hrauninu. Í bæjarhólum og bæjarstæðum er geymd saga daglegs lífs fyrri kynslóða og þar er flesta forngripi að finna. Bæjarstæði og -tún Pétursskots er sæmilega varðveitt og lítið rask verið innan þess ef norðurhlutinn er undanskilinn en hann er alveg horfinn undir veg. Ekki er mikið eftir af 19. og 20. aldar búsetulandslagi á höfuðborgarsvæðinu og sem slíkt hefur það nokkuð verndargildi. Það rýrir þó gildi þess að áður sé búið að raska minjaheildinni þegar Reykjanesbrautin var lögð á sínum tíma. Tún Litla-Lambaga er meira raskað vegna byggingu sumarhúss fast norðan við bæjarhólinn. Sömuleiðis er austur- og suðurhluti túnsins horfinn vegna vegaframkvæmda. Þessir þættir rýra gildi Litla-Lambhaga talsvert og er ekki um eins sterka minjaheild að ræða og Pétursskot en svæðið hefur þó talsvert gildi í sjálfu sér. Líklegt má telja að gerð verði krafa um vöktun og gerð könnunarskurða í minjar og eða á ákveðnu hlutfalli túnanna bæði innan túna Pétursskots og Litla-Lambhaga. Könnunarskurðir í minjar væru til þess gerðir til að afla upplýsinga um aldur, umfang og eðli minjanna. Niðurstöður þeirrar rannsóknar kunna að leiða til frekari rannsókna á einstaka minjum. Innan túnanna er ekki ólíklegt að gerð yrði krafa um könnunarskurði á ákveðnu svæði (t.d. 10% af heildarsvæði) og/eða töku borkjarnasýna með reglubundnum hætti en markmið slíkra rannsókna væri að kanna hvort fleiri minjar leyndust undir sverði og sömuleiðis til að afmarka umfang þekktra minja í túninu.

Niðurstaða: Innan svæðisins voru skráðari 56 fornleifar á 43 minjastöðum. Allir staðirnir teljast til fornleifa og njóta verndar sem slíkir en minjagildi þeirra er misjafnt. Í skýrslunni var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar og voru niðurstöðurnar þær að þrír minjastaðir hefðu mjög mikið gildi, átta mikið gildi, 15 staðir töldust hafa nokkurt minjagildi og 17 lítið. Rétt er að ítreka að algengara er að margar fornleifar/minjaeiningar falli undir þá staði sem flokkaðir voru með mikið eða mjög mikið minjagildi heldur en þá sem töldust hafa lítið minjagildi sem oftast

eru stakar fornleifar fremur en þyrpingar. Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um þrjú minjasvæði vegna mikils gildi sem stakar minjar eða minjaheildir. Þó að mögulegt sé að komast hjá raski á nokkrum fjölda minja innan úttektarsvæðins er ljóst að mörgum minjum verði raskað að hluta eða öllu leyti að óbreyttu. Niðurstaðan er því að áhrif framkvæmda við breikkun Reykjanesbrautar á svæði frá Hvassahrauni að Krýsuvíkurvegi muni hafa neikvæð áhrif á fornminjar.

Heimildaskrá

ÁFÍ 1936: *Árbók Ferðafélags Íslands.* 1936. Dr. Bjarni Sæmundsson. „II Suðurkjálkinn." Reykjavík, Ferðafélag Íslands.

ÁG: Ásgeir Guðmundsson. 1983–1984. Saga *Hafnarfjarðar 1908-1983* I-III. bindi. Hafnarfjörður, Skuggsjá.

Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík, Fornleifanefnd/ Þjóðminjasafn Íslands.

Árbók 1903: Brynjólfur Jónsson. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903*, bls. 31–52.

Árbók 1955–1956: Kristján Eldjárn. „Kapelluhraun og Kapellulág: Fornleifarannsóknir 1950 og 1954." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1955–1956*, bls. 5–34.

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. 1857–1972 I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenzka bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifakönnun: Reykjanesbraut*. FS133-00141. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Hkort 27: Herforingjaráðskort 27 SV: Reykjavík – Keflavík. 1:50 000. Útgáfuár 1910.

ÍF: *Íslensk fornrit*. 1935–2002 I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Gullbringu- og Kjósarsýsla.* 1918–1921 III. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenzka bókmenntafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Jónatan Garðarsson. 2012. „Fiskeldi og sumardvöl við Straumsvík." *Hraunavinir.net*. Sótt í september 2020.

Katrín Gunnarsdóttir. 2011. *Fornleifaskráning vegna færslu Reykjanesbrautar í landi Óttarsstaða, Straums, Þorbjarnarstaða og Alfaraleiðarinnar* [sic]. Hafnarfjörður, Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Katrín Gunnarsdóttir. 2012. *Hafnarfjörður. Fornleifaskráning vegna undirgangna og vegagerðar á Reykjanesbraut við álverið í Straumsvík í landi Lambagerðis* [sic] *og Þorbjarnarstaða*. Hafnarfjörður, Byggðasafn Hafnarfjarðar.

KK I: Kristian Kålund. 1984. *Íslenskir sögustaðir* I. bindi. Reykjavík, Örn og örlygur.

Manntal: Þjóðskjalasafn Íslands. Aðgengilegt á manntal.is. Sótt í september 2020.

Minjastofnun Íslands. e.d. „Friðlýstar fornminjar." *Minjastofnun Íslands*. Sótt í september 2020.

Skipulagsstofnun. 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík, Skipulagsstofnun.

Óútgefið efni

LMI-A06-A-1099. Loftmynd frá Landmælingum yfir Straumsvík frá 1960.

MI-Minjavefsjá. Aðgengileg á map.is/minjastofnun. Skoðað september 2020.

Túnakort 1919: Túnakort Garðahrepps. 1919. Reykjavík, Þjóðskjalasafn Íslands.

ÞJMS: Þjóðminjasafn Íslands. 1987–1990. *Fornleifaskráning í Hafnarfirði 1987–1990*.

Ö-Hvaleyri B: Örnefnalýsing Hvaleyrar. Gísli Sigurðsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvassahraun : Örnefnalýsing Hvassahrauns. Ari Gíslason skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Lónakot: Örnefnalýsing Lónakots. Gísli Sigurðsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Óttarsstaðir: Örnefnalýsing Óttarstaða. Ari Gíslason, Gísli Sigurðsson og Gústaf Brynjúlfsson skráðu. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Straumur: Örnefnalýsing Straums. Gísli Sigurðsson, Gústaf Brynjófsson, Ástvaldur Þorkelsson skráðu. Athugasemdir frá Bjarna Sigurðssyni, Hauki Sigurðssyni, Gísli Guðjónsson og Jósef Guðjónsson. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þorbjarnastaðir: Örnefnalýsing Þorbjarnarstaða. Gísli Sigurðsson, Ástvaldur Þorkelsson, Gísli Guðjónsson, Magnús Guðjónsson og Gústaf Brynjólfsson skráðu. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Jónatan Garðarsson f. 1955, Lambhagi, Þorbjarnarstaðir, Straumur

Viðauki: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
GK-162:014	349266	395800
GK-162:031	349103	395847
GK-163:057	350900	396480
GK-163:072	350072	396308
GK-163:074	350606	396356
GK-163:091	350723	396445
GK-165:018	351061	396528
GK-165:059	351089	396535
GK-165:060	351069	396566
GK-166:007	351348	396570
GK-166:026	351411	396494
GK-166:0271	351336	396529
GK-166:0272	351337	396536
GK-166:0273	351349	396529
GK-166:0274	351328	396544
GK-166:0275	351318	396535
GK-166:0276	351380	396520
GK-166:0277	351310	396524
GK-166:0278	351333	396542
GK-166:0279	351323	396524
GK-166:0281	351358	396589

Samtala	Austur	Norður
GK-166:0282	351355	396636
GK-166:0283	351366	396649
GK-166:041	351171	396428
GK-166:0412	351146	396449
GK-166:054	352075	396887
GK-166:057	352065	396885
GK-166:0701	351317	396603
GK-166:0702	351324	396605
GK-167:0041	351485	396693
GK-167:011	351561	396606
GK-167:012	351544	396602
GK-167:014	351555	396600
GK-167:017	315517	396697
GK-167:018	351517	396690
GK-167:019	351516	396682
GK-167:020	352842	397501
GK-167:021	351651	396660
GK-167:022	351491	396647
GK-167:030	351503	396708
GK-167:031	351446	396689
GK-167:035	351479	396627

Samtala	Austur	Norður
GK-167:036	351534	396672
GK-167:037	351506	396631
GK-167:038	351573	396601
GK-167:039	351529	396735
GK-167:041	351572	396594
GK-167:047	351529	396590
GK-167:048	351535	396690
GK-167:049	351497	396686
GK-167:0501	351508	396723
GK-167:0502	351508	396721
GK-168:052	352877	397366
GK-168:054	353330	397587
GK-641:003	352075	396878

Viðauki: Minjakort




Kort 1
163091
163074
163072
162031
162014
© Loftmyndir ehf
Skýring
Skráðar fornleifar
Mörk rannsóknarsvæðis
0 100 200 300 400 m

Kort 2
167039
167050 1
167050 2
167004
167048
167031
167049
167036
167022
167021
167035
167037
167012
167011
167047
167041
166028 3
166028 2
166028 1
166070 1
166070 2
166007
166027 5
166027 8
166027 9
166027 3
166027 6
166027 7
166026
165010
165060
165059
165018
166041 2
166041 1
163057
© Loftmyndir ehf
Skýring
Skráðar fornleifar
Mörk rannsóknarsvæðis
0
75
150
225
300 m

Kort 3
168054
167020
168052
166057
1660054
641003
0
100
200
300
400 m
© Loftmyndir ehf
Skýring
Skráðar fornleifar
Mörk rannsóknarsvæðis